

SHALDOR
skoðun 20



**Hannar leikmynd
Rocky Horror**
Pétur Gautur myndlistar-
maður snýr aftur í sitt
gamla starf.
fólk 50



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Menningarnótt



FRÉTTABLAÐIÐ

FIMMTUDAGUR

PITT

19. ágúst 2010 — 193. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



Skák er bardagi
Borgarskáknotið hefst í
Ráðhúsi Reykjavíkur í 25.
sinn í dag.
tímamót 26

Skemmtilegt samstarf
Smári Tarfur og Örlygur
Smári semja saman lag
fólk 38



Á leið til Póllands?
Pólskt úrvalsdeildarfélag
reynir að kaupa Alfreð
Finnbogason.
sport 42



LÉTTSKÝJAÐ SV-LANDS Á morgun má búast við NA 2-8 m/s víða en 8-15 m/s NV- og SA-lands. Norðaustan til verður heldur þungubúið og búast má við súld á stöku stað. Hljást suðvestan til.
VEÐUR 4

OPÍÐ 24 TÍMA
Opíð allan sólarhringinn í Skeifunni

TÖKUM VIÐ INNEIGN FRÁ ÖLLUM HELSTU SKIPTIBÓKA-MÖRKUÐUM LANDSINS

Office 1

Reiðarslag ef hætt verður við Helguvík

Stjórnvöld verða að nýta batnandi horfur í efnahagsmálum og koma álveri í Helguvík á koppinn að mati ASÍ og SA. Hefði mátt lækka stýrivextina meira.

EFNAHAGSMÁL Það væri gríðarlegt reiðarslag ef eigendur Norðuráls hætta við byggingu álvers í Helguvík vegna óvissu um raforku og tafa á veitingu virkjanaleyfis segir Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ. Í sama streng tekur Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins. Hann segir stjórnvöld verða að nýta sér góðar horfur í efnahagslífinu og beita sér fyrir því að koma verkefnum á borð við álverið í Helguvík í gang.

Gylfi segir stjórnvöld verða að fylgja eftir bataspörum í efnahagslífinu með þróttmeiri ákvörðunum í efnahagsmálum. Einkennileg staða sé uppi hjá stjórnvöldum í málefnum HS Orku, sem setji álver í Helguvík í uppnám. Gylfi og Vilhjálmur eru sammála um að stjórnvöld verði að halda sig við áformaðan niðurskurð á ríkisútgjöldum á næsta ári, þrátt fyrir að efnahagsbati sé farinn að láta á sér kræla. Frekar eigi að horfa til þess að þurfa ekki að fara í áform-

aðar 60 milljarða aðhaldsaðgerðir á árunum 2012 og 2013. Seðlabankinn hefði átt að vera djarfari í lækkun stýrivaxta, segir Gylfi, en vextirnir voru lækkaðir um eitt prósentustig í gær. „Seðlabankinn má ekki búa til huggulegt skjól fyrir fjármagn, það hlýtur að vera mikið álag á ríkissjóð að halda uppi eiginfé bankans,“ segir Gylfi. Réttara væri að lækka vextina meira til að koma peningum sem nú liggja hjá Seðlabankanum út í atvinnulíf. - bj / sjá síðu 4



FRANK OG FRÍMÁNN Félagarnir verða með uppistand í Háskólabíói.

Með uppistand í Háskólabíói

FÓLK Danski grínistinn Frank Hvam verður meðal þeirra sem koma fram á sérstök skemmtikvöldi Frímánn Gunnarssonar í Háskólabíói þann 29. september. Hvam er hvað frægastur fyrir leik sinn í dönsku gamanþáttunum Klovn en honum bregður einnig fyrir í nýrri sjónvarpsþáttaseríu Frímánn sem sýnd verður á Stöð 2 í haust. „Þetta verður brjáluð kvöldstund með Frímánni,“ segir Gunnar Hansson, skapari ólíkindatólsins.
- fgg / sjá síðu 50



LITHÁÍSKAR RADDIR Þessar prúðbúnu dömur eru komnar hingað til lands til að taka þátt í stærsta kóramóti sem hér hefur verið haldið. Þátttökulöndin eru tíu og sameinuðust átján hundruð raddir á opunarháttíðinni á þriðjudag. Á menningarnótt munu kóramir dreifa sér um borgina og skemmta gestum og gangandi á götuhornum.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

DNA-sýni af vettvangi morðsins í Hafnarfirði verið send til Noregs í greiningu: Maður í haldi vegna morðsins

LÖGREGLUMÁL Lögregla handtók í gær mann af erlendu bergi brotin sem grunaður er um aðild að dauða Hannesar Þórs Helgasonar. Að loknum yfirheyrslum í gærkvöldi var ákveðið að halda manningnum í fangageymslu í nótt. Tekin verður ákvörðun um það í dag hvort krafist verður gæslu-

varðhalds yfir manningnum, sem er á þritugsaldri, að því er segir í tilkynningu frá lögreglu. Tæknileg rannsókn á heimili Hannesar er langt á veg komin og er búið að senda DNA-sýni af vettvangi til Noregs í greiningu, segir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar

lögreglunnar. Friðrik segir að niðurstaðna sé að vænta úr þeim eftir tvær til þrjár vikur. Hann vildi ekki tjá sig um stöðu einstaklinga sem tengjast málinu. Annar maður var í haldi lögreglu í sólarhring en ekki var krafist gæsluvarðhalds yfir honum og honum því sleppt í kjölfarið. - bj, sv

OPÍÐ ALLA DAGA ERÁ 11-22 Á BÄÐUM STÖÐUM

BETRA EN EFTA MÖNUM

SAFFERAN
GLÆSTIÐ / DALVEGI 4 KÖP
SAFFERAN.IS

Kringlan

Skóla-
dagar

Opíð til 21
NÝTT KORTATÍMABÍL

SPURNING DAGSINS



Einar, eruð þið ekki úti að aka?

„Nei, við erum ekki úti að aka, við erum í strætó.“

Einar Örn Benediktsson borgarfulltrúi er formaður menningar- og ferðamálaráðs og í stjórn Strætó bs. Frítt verður í strætó á menningarnótt á laugardag.

Áhrif eldgoss á menn og dýr:

Ríkisstjórn veitir ný milljónir til rannsókna

HEILBRIGÐISMÁL Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu um ný milljóna króna framlag til rannsókna á áhrifum eldgossins í Eyjafjallajökli á heilsu manna og dýra.

Óskað var eftir framlaginu vegna vinnu við gagnasöfnun á gossvæðinu sem fram á að fara í haust, áður en gögn kunna að glatast.

Heilbrigðisráðherra skipaði í sumar stýrihóp sem vinna á vísindarannsókn á heilsufarslegum áhrifum eldgossins til langs tíma. Guðrún Pétursdóttir, forstöðumaður Stofnunar Sæmundar fróða, er formaður hópsins. - jss

Kjaradeila slökkviliðsmanna:

Fundurinn var mikið bakslag

KJARAMÁL Ekki náðist árangur á kjarafundi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraf lutningamanna (LSS) og launaneftdar sveitarfélaganna í gær. Valdimar Leó Friðriksson, framkvæmdastjóri LSS, segir málið nú liggja allt hjá launaneftdinni og fundurinn í gær hafi verið bakslag í kjaradeiluna.

Finnur Hilmarsson, varaformaður LSS, segir öryggismál á menningarnótt nú vera í uppnámi sökum yfirvinnubanssins sem er í gildi. „Bráðþjónustunni verður einungis sinnt úr Skógarhlíðinni. Og það er með tilliti til seinkana,“ segir Finnur. - sv

LÖGREGLUFRETTIR

Lyfjum stolið úr bílum

Brotist var inn í tvo bíla og eitt íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu í gær og stolið þaðan lyfjum. Samkvæmt lögreglu er mjög líklegt að meðal lyfjanna hafi verið ritalín.

Harald Flosa og Hjörleif greindi á um úttekt Hjörleifs á stöðu Orkuveitunnar:

Fær forstjóraun í nýu mánuði

STJÓRNSÝSLA Hjörleifur Kvaran heldur forstjóraunum hjá Orkuveitu Reykjavíkur í nýu mánuði. Þau kjör byggjast á ráðningarsamningi frá í september 2008.

Þetta kemur fram í viðtali við Hjörleif í Fréttablaðinu í dag.

Hjörleif og Harald Flosa Tryggvason, stjórnarformann OR, greindi á um úttekt Hjörleifs á stöðu fyrirtækisins. Haraldur Flosi kveðst hafa talið nauðsynlegt að fá fram upplýsingar um „skýrt samhengi gjaldskrárhækkana og rekstrar Orkuveitunnar og markvissar tillögur um það hvernig sparnaði

verði náð. Það er hlutverk stjórnenda að leggja slíka tillögu fyrir stjórn,“ segir Haraldur Flosi. „Verkefnið er að koma Orkuveitu Reykjavíkur í það ástand að fyrirtækið sé greiðsluhæft og gjaldgengt á lánamörkuðum. Það þarf að fara að skilgreina lykiltætti árangurs á þeirri leið og skoða alla möguleika með opnum hug.“ - pg / sjá síðu 16

HARALDUR FLOSI TRYGGVASON Telur að greining forstjóra Orkuveitunnar hafi ekki skilað stjórninni nægilega greinargóðum upplýsingum um fyrirtækið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Verður yfirheyrður hjá saksóknara í dag

Sigurður Einarsson er kominn til landsins og stefnt er á að yfirheyrja hann hjá embætti sérstaks saksóknara í dag. Handtökuskipun Interpol hefur verið felld úr gildi. Ágætur framgangur á rannsókn á Kaupþingsmálum segir saksóknari.

DÓMSMÁL Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, kom til landsins í gær, en hann hefur verið eftirlýstur í þrjá mánuði. Gestur Jónsson, lögmaður Sigurðar, staðfestir að hann verði yfirheyrður hjá Sérstökum saksóknara í dag.

Ólafur Þór Hauksson, sérstakur saksóknari vegna bankahrunsins, segir að alþjóðleg handtökuskipun sem Interpol gaf út á hendur Sigurði að ósk Sérstaks saksóknara hafi verið felld úr gildi.

Hvorki Ólafur né Gestur vildu tjá sig um hvort samkomulag hafi verið gert við Sigurð um heimkomuna. Niðurfelling handtökubeiðninnar, og sú staðreynd að Sigurður var ekki handtekinn strax við komuna til landsins, benda þó til þess að einhvers konar samkomulag hafi náðst, samkvæmt heimildarmönnum Fréttablaðsins.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu fljótlega eftir að handtökuskipunin var gefin út, sagðist Sigurður viljugur til að mæta í yfirheyrslur gegn því skilyrði að hann yrði ekki handtekinn.

Spurður hvort þriggja mánaða töl á því að hægt væri að yfirheyrja Sigurð hafi skaðað eða tafið rannsókn á meintum brotum í starfsemi Kaupþings sagði Ólafur að ágætur framgangur hafi orðið í rannsókninni. Þó að ekki tækist að framkvæma einn þátt rannsóknarinnar eins hratt og hugsast gæti sé hægt að vinna að öðrum þáttum málsins.

Haft var eftir Ólafi í Fréttablaðinu fyrir viku að nýjar upplýsingar hefðu komið fram í rannsókninni á Kaupþingi. Málið væri orðið



KOMINN TIL LANDSINS Sigurður Einarsson er kominn til Íslands og er væntanlegur í yfirheyrslur hjá Sérstökum saksóknara í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

stærta og flóknara en áður hafi verið talið.

Interpol gaf út alþjóðlega handtökuskipun á hendur Sigurði 11. maí síðastliðinn að beiðni embættis sérstaks saksóknara. Þá hafði Sigurður hundsáð óskir saksóknara um að koma sjálfviljugur til landsins til yfirheyrslu.

Þrátt fyrir handtökuskipunina töldu bresk löggæsluyfirvöld sig ekki hafa heimild til að handtaka Sigurð á grundvelli hennar. Var vísað til þess að Ísland hefði ekki fullgilt Evrópusamning um handtöku og framsal grunaðra og dæmdra manna.

Þrjár af æðstu stjórnendum Kaupþings voru handteknir í byrjun maí vegna rannsóknar á meintum brotum þeirra. Þeir voru hnepptir í gæsluvarðhald, og eftir að því lauk voru þeir auk fjórða manns úrskurðaðir í farbann, sem nú er runnið út. Til stóð að yfirheyrja Sigurð um svipað leyti, en hann kom ekki til yfirheyrslu.

brjann@frettabladid.is

HANDTÖKUSKIPUN Alþjóðalög-reglan Interpol gaf út alþjóðlega handtökuskipun á hendur Sigurði Einarssyni 11. maí. Hún hefur nú verið felld úr gildi.

Harka hleypur í makríldeilur:

Færeyskt skip gat ekki landað

SKOTLAND Meira en fimmtíu bálræiðir mótmælendur komu í veg fyrir að færeyskir sjómenn gætu landað makrílafla í bænum Peterhead í Skotlandi í fyrrakvöld.

Seint um kvöldið gáfust Færeyingarnir upp og sigldu úr höfn.

Skoskir sjómenn eru afar ósáttir við veiðar Færeyinga og Íslendinga á makríl þrátt fyrir að ekki hafi tekist samkomulag um skiptingu heildarafla úr stofninum. Bæði norsk stjórnvöld og ráðamenn í Evrópusambandinu hafa gagnrýnt þessar veiðar. - gb



ÍSLENSKI BÁSINN Haraldur heimsótti íslenska básinn ásamt fylgdarliði sínu eftir að hann hafði sett sýninguna.

MYND/ÍSLANDSSTOFA

Íslendingar á fiskisýningu:

Fengu konunglega heimsókn

FÓLK Haraldur Noregskonungur heimsótti íslenska sýningarsvæðið á sýningunni Nor-Fishing, sem stendur nú yfir í Þrándheimi.

Haraldur setti sýninguna við hátíðlega athöfn í gær, en þetta er í 50. skipti sem hún fer fram. Íslandsstofa skipulagði íslenskan bás þar sem sjö fyrirtæki kynna vörur sínar og þjónustu. Þá eru nokkur önnur íslensk fyrirtæki með umböðsaðilum sínum á sýningunni.

Íslenski básinn var einn af fáum sem konungurinn heimsótti. Í básnum ræddi hann um fyrirtækin sem þar kynna og nýfátæðna veiðiferð sína til Íslands. - þeb

Skattur á námsbækur:

Stúdentaráð óttast brottfall

SKATTAR Ríflega sautján prósent á námsbækur mun bæði draga úr bóksölu og leiða til aukins brottfalls úr námi, segir Jens Fjalar Skaptason, formaður stúdentaráðs HÍ, í opnu bréfi sem hann hefur ritað fjármálaráðherra til að vara við hugmyndum um hækkun vörðisaukaskatts á bækur.

„Þrátt fyrir að LÍN láni fyrir kaupum á námsbókum er sú upphæð nú þegar algerlega úr takti við verðlag,“ segir Jens. „Fari þetta á versta veg og af breytingum verður er að minnsta kosti nauðsynlegt fyrir sjóðinn að hækka lán til bókakaupa umtalsvert.“ - pg

Tollverðir og lögreglan á Suðurnesjum lögðu hald á um 37 kíló af fíkniefninu khat:

Telja efnið hafa átt að fara til Kanada

LÖGREGLUMÁL Tollgæsla og lögregla hafa lagt hald á 37 kíló af fíkniefninu khat, sem er upprunnið í Norðaustur-Afríku. Þetta er í fyrsta skipti sem yfirvöld á Íslandi hafa fundið þetta fíkniefni. Talið er að efnið hafi átt að fara til Kanada.

Tollverðir á Keflavíkurflugvelli stöðvuðu rúmlega fertugan karlmann frá Litháen við komu hans til landsins þann 10. ágúst síðastliðinn. Í fórum hans fundu þeir 24 kíló af fíkniefninu khat.

Í framhaldinu handtók lögreglan á Suðurnesjum breskan karlmann á sextugsaldri á gistiheimili í Keflavík. Hann er talinn hafa verið samferðamaður Litháans. Í fórum hans fundust þrettán kíló til viðbótar af khat.

Mennirnir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald 11. ágúst, og rennur varðhaldið út á morgun.

Samkvæmt tilkynningu frá lög-

Örvandi laufblöð

Khat er planta sem er upprunin í Norðaustur-Afríku og á Arabíuskaga. Lauf plöntunnar innihalda örvandi efni og hafa verið skilgreind sem fíkniefni víða um heim. Khat-neytendur tyggja laufblöð plöntunnar, sem hafa takmarkaðan líftíma eftir tínslu. Notkun efnisins hefur að mestu verið bundin við þau svæði þar sem plantan vex, en með betri samgöngum hefur neysla khats fæst í aukana á Vesturlöndum.



KHAT Plantan er tuggin til að fá örvandi áhrif, og er neysla á henni útbreidd víða í Norðaustur-Afríku.

reglu og tollstjóra hefur rannsókn leitt í ljós að allar líkur séu á því að senda hafi átt efnið til Kanada, og það hafi ekki verið ætlað til dreifingar á Íslandi. Rannsókn leiddi einnig í ljós að Bretinn kom hingad til lands í byrjun ágúst ásamt

öðrum Breta. Talið er að þeir hafi sent fjórar sendingar af khat til Kanada, en óvist er hversu mikið magn þeir sendu. Mennirnir eru ekki taldir hafa átt sér samstarfsmenn á Íslandi.

- bj



... og rjómi



Kringlan

Opið til 21 í kvöld

Skóla- dagar

*Endalaust úrval af skólavörum
og skólafötum. Einn stærsti
skiptibókamarkaður landsins.*

*Þeir sem versla á skóladögum geta unnið
100.000 króna gjafakort í skólaleiknum!*

Nýtt kortatímabil

Mán til mið 10-18.30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000 | www.kringlan.is

Komdu í heimsókn

GENGIÐ 18.08.2010

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	118,87 119,43
Sterlingspund	186,02 186,92
Evra	153,10 153,96
Dönsk króna	20,549 20,669
Norsk króna	19,335 19,449
Sænsk króna	16,213 16,307
Japanskt jen	1,3929 1,4011

SDR 180,26 181,34

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

207,8291

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Greiðsluafkoma ríkissjóðs á fyrri helmingi ársins liggur fyrir:

Tekjur ríkisins meiri en búist var við

EFNAHAGSMÁL Handbært fé frá rekstri ríkisins var neikvætt um 36,5 milljarða króna fyrstu sex mánuði ársins. Tekjur voru 27,7 milljörðum meiri en á sama tímabili í fyrra og voru 16,4 milljörðum meiri en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Gjöld voru 3,1 milljarði meiri en í fyrra.

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á tímabilinu námu 232,5 milljörðum króna sem var 16,4 milljörðum meira en áætlun fjárlaga gerði ráð fyrir. Það skýrist af bókkörðum tekjum vegna sölu sendiherrabústaðar í London og samkomulags



ARNARHVOLL Fjármálaráðuneytið birti greiðsluuppgjör ríkissjóðs í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

um ráðstöfun eigna Avens B.V. í Lúxemborg. Áætlun fjárlaga gerði ekki ráð fyrir þessum ráðstöfunum. Hagnaður ríkissjóðs af sam-

ingnum vegna Avens var áætlaður 17,5 milljarðar króna og söluhagnaður sendiherrabústaðarins var 1,7 milljarðar króna.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 195,8 milljörðum á fyrstu sex mánuðum ársins. Um er að ræða 9,9 prósentu hækkun að nafnvirði frá árinu á undan en upphæðin er 1,4 prósentum undir tekjuáætlun fjárlaga. Tekjur af ýmsum sköttum voru minni en búist var við, svo sem af áfengisgjaldi og tóbaksgjald.

Greidd gjöld ríkissjóðs námu 261,6 milljörðum króna og jukust um 3,1 milljarð frá fyrra ári. - mþl

Skrifstofa forseta Íslands:

Kveðjur til Kína og Pakistans

HAMFARIR Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, sendi í gær forsetum Kína og Pakistans samúdrarveður vegna flóða í löndunum.

Í Kína hafa á annað þúsund látist vegna flóða á undanföllum vikum.

Í Pakistan hafa flóð kostað um tvö þúsund manns lífið og skemmt meira en 700 þúsund heimili.

Í fréttatilkynningu frá skrifstofu forseta segir að hugur Íslendinga sé með fjölskyldum og ættingjum þeirra sem látið hafa lífið. - mþl



KAUPÞING Bankinn sótti um frest á greiðslustöðvun og fékk samþykkt í þriðja sinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kaupþing fær frestun á ný:

Framlenging á greiðslustöðvun

EFNAHAGSMÁL Héraðsdómur hefur framlengt greiðslustöðvun Kaupþings fram til 24. nóvember þessa árs. Var það gert að beiðni bankans. Er þetta í þriðja sinn sem Kaupþing fær framlengingu á greiðslustöðvun. Hinn 24. nóvember 2008 var upphaflega veitt heimild til 13. febrúar 2009, síðan var framlengt til 13. nóvember og síðast til 13. ágúst 2010.

Eftir 24. nóvember mun bankinn fara sjálfkrafa í slitameðferð. Lög frá síðasta ári vernda bankann gegn lögsóknum, þvingunarúrræðum, innheimtuáðgerðum og öðrum lögsóknum á tímabilinu. - sv

Árshlutauppgjör Icelandic:

Hagnaður jókst um 135 prósent

VIÐSKIPTI Hagnaður Icelandic Group af reglulegri starfsemi fyrir skatta var rúmir 2 milljarðar króna á fyrri hluta þessa árs. Rekstrarhagnaður jókst um 20 prósent og var 4,1 milljarður. Þetta kemur fram í árshlutauppgjöri Icelandic.

Hagnaður fyrir skatta jókst um 135 prósent milli ára þrátt fyrir að árið 2009 hefði verið besta ár í sögu félagsins. Icelandic Group er alþjóðlegt sjávarútvegsfyrirtæki og eitt það stærsta sinnar tegundar í heiminum. Stór hluti íslenskra sjávarafurða er seldur af Icelandic.

- mþl

Stýrivextir ekki lægri í sex ár

Seðlabankinn hefur lækkað stýrivexti í sjö prósent. Seðlabankastjóri segir rök vera fyrir því að lækka þá enn frekar. Óvissa um vaxtaviðmið gengistryggðra krónulána gæti frestað afnámi gjaldeyrishafta.

EFNAHAGSMÁL „Vextir eru enn háir og rök fyrir lækkan þeirra,“ segir Már Guðmundsson seðlabankastjóri. Hann kynnti í gær vaxtaákvörðun peningastefnufndar bankans, sem ákvað að lækka vexti um eitt prósentustig.

Vextir á viðskiptareikningum innlánsstofnana, sem eftir fall bankanna urðu hinir eiginlegu virku stýrivextir, verða eftirleiddis 5,5 prósent en vextir á lánunum gegn veði til sjö daga, sem eru stýrivextir samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, fara í sjö prósent. Líkt og sjá má á grafinu hefur samfelld vaxtalækkunarferli staðið yfir síðan um miðjan mars í fyrra. Þá stóðu stýrivextir í átján prósentum og höfðu aldrei verið hærri. Þeir eru nú svipaðir og í október 2004.

Lækkunin nú er ívið meiri en greiningaraðilar höfðu spáð. Greiningardeildir Arion banka og Íslandsbanka bjuggust við að vextir færu niður um hálf prósentustig en greining MP Banka spáði 0,75 prósentu vaxtalækkun.


Greiningaraðilar og peningastefnufnd mátu horfur með svipuðum hætti; gengi krónunnar hefur

styrkst frá áramótum og verðbólga lækkaði hratt í sumar. Verðbólgan stóð í 4,8 prósentum í júlí samanborið við 7,5 prósent við útgáfu síðustu Peningamála, ársfjórðungsrits Seðlabankans, í maí og gengi krónunnar styrkst frá áramótum. Fram kom á vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans í gær að séu neysluskattar teknir út úr tölunum stendur verðbólga í 4,0 prósentum. Von er á frekari hjöðnun verðbólgu á árinu og líkur á að hún verði komin að 2,5 prósentu verðbólgu markmiðum Seðlabankans í kringum áramótin.

Seðlabankastjóri segir horfur í efnahagsmálum betri en áður hafi verið reiknað með og það sé að snúast til betri vegar í efnahagslífinu. Þó séu nokkrir óvissuþættir enn til staðar; þriðju endurskoðun efnahagsáætlunar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er ólokið og óvissa með fjármagnsþörf bankanna eftir niðurstöðu Hæstaréttar á vaxtaviðmiði gengistryggðra krónulána. Því kunnir afnámi gjaldeyrishafta að frestast um sinn. Fram til þessa hefur staðið til að hefja afnámi hafta í haust.

jonab@frettabladid.is

Próun á vaxtastigi Seðlabankans síðustu þrjú ár



Heimild: Seðlabanki Íslands



ÆÐSTU MENN SEÐLABANKANS Már Guðmundsson seðlabankastjóri, hér á vinstri hönd Arnórs Sighvatssonar aðstoðarseðlabankastjóra, segir að þrátt fyrir visbendingar um betri horfur í efnahagsmálum kunnir afnámi gjaldeyrishafta að frestast vegna óvissuþátta.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Efnahagsspá Seðlabankans í hnotskurn

- Spáð er 1,9 prósentu samdrætti í efnahagslífinu á árinu í stað 2,6 prósentu samkvæmt spá Seðlabankans í maí. Á næsta ári er reiknað með 2,4 prósentu hagvexti. Í maí var búist við að hagvöxtur á næsta ári gæti orðið 3,4 prósent.
- Horfur í alþjóðaviðskiptum hafa batnað. Spáð er 7,5 prósentu vexti á þessu ári í stað 4,0 prósentu. Spá fyrir næsta ár er óbreytt í 5,5 prósentum.
- Spáð er 10,0 prósentu hækkun sjávarafurðaverðs á árinu í stað 6,0 prósentu í maíspá.
- Gert er ráð fyrir að útflutningur dragist saman um 1,2 prósent á árinu. Skýrist af töfum á stóriðjuframkvæmdum og veikari sjávarafurða- og þjónustuútflutningi.
- Útlit fyrir á milli 9,0 til 10,0 prósentu afgang af vöru- og þjónustuviðskiptum fram til ársloka 2012.
- Krónan hefur styrkst um átta til níu prósent gagnvart evru og Bandaríkjadal frá í maí. Það er umfram spá Seðlabankans í maí.
- Einkaneysla dróst saman um 0,6 prósent á öðrum ársfjórðungi. Seðlabankinn bjóst við 0,7 prósentu samdrætti í maí.
- Gert ráð fyrir 0,5 prósentu vexti í einkaneyslu á árinu. Í maí var reiknað með 1,1 prósentu vexti.
- Spáð að heildarjáfresting dragist saman um 3,8 prósent í ár í stað 10 prósentu í fyrri spá.

Quiznos Sub

890 kr.
BÁTUR, PEPSI, SNAKK & SMÁKAKA

OLÍS ÁLFHEIMUM, OLÍS GULLINBRÚ, OLÍS MJÓDD, OLÍS NORÐLINGAHLTI, OLÍS AKRANESI, OLÍS AKUREYRI, OLÍS BORGARNESI, OLÍS KEFLAVÍK, OLÍS REYÐARFIRÐI

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

KÓLNAR HÆGT Litlar breytingar verða á veðrinu næstu daga. Norðaustlægar áttir ríka með sínu bjarta veðri sunnan- og vestanlands en votviðri norðan og austan til. Hitatölurnar lækka lítillega með hverjum degi, einkum norðan til.

Á MORGUN 3-8 m/s Hvassara NV- og SA-til.

LAUGARDAGUR Norðaustlægar áttir vætusamt N-til.

HEIMURINN	°C
Alicante	28°
Basel	30°
Berlín	20°
Billund	19°
Frankfurt	23°
Friedrichshafen	21°
Gautaborg	19°
Kaupmannahöfn	19°
Las Palmas	24°
London	21°
Mallorca	30°
New York	29°
Orlando	35°
Ósló	15°
París	23°
San Francisco	18°
Stokkhólmur	18°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

TAX FREE

AF ALLRI MÁLNINGU

FIMMTUDAG TIL SUNNUDAGS



PALLAEFNI frábært verð

Fura fúavarin	21x95 mm	188 kr/m
Fura fúavarin	28x95 mm	235 kr/m
Fura fúavarin	48x98 mm	329 kr/m
Fura fúavarin	48x148 mm	478 kr/m
Fura fúavarin	98x98 mm	692 kr/m

Látum
verkin tala!

Timburmiðstöð Grafarholti: opið til 18:00 alla daga
Verslun Skútuvogi: opið til 21:00 alla daga
Sjá afgreiðslutíma um land allt www.husa.is

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl.
Að sjálfsgöðu greiðir Húsasmiðjan virðisaukaskatt til ríkissjóðs. Taxfree tilboð jafngildir 20.32% verðlækkun og er alfarið á kostnað Húsasmiðjunnar



HÚSASMÍÐJAN



Fannst þér rétt að færa yfirmann kynferðisafbrotadeildar til í starfi vegna ummæla hans í fjölmiðlum?

JÁ 51,6%
NEI 48,4%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ætlar þú að taka þátt í hátíðarhöldum á menningarnótt?

Segðu þína skoðun á visiris



Atvinnuauðglýsingar í dagblöðum eru rúmlega 20 prósentum fleiri í ár en í fyrra:

Atvinnuauðglýsingum fjölgar

ATVINNA Rúmlega tuttugu prósentum fleiri atvinnuauðglýsingar birtust í dagblöðum fyrstu sjö mánuði ársins en á sama tíma í fyrra.

Fjöldi atvinnuauðglýsinga var 3.480 í fyrra en fyrstu sjö mánuði ársins í ár voru þær 2.457, eða um sjötíu prósent af heildarfjöldanum í fyrra.

„Þetta er staðfesting á því sem maður hefur haft á tilfinningunni í vor. Ég veit að allir sem eru í ráðningum eru alveg sama sinnis um það,“ segir Gunnar Haugen, framkvæmdastjóri Capacent ráðninga. Atvinnumarkaðurinn hafi verið að



BYGGINGAVINNA Auðglýsingum vegna byggingavinnu fjölgar ekki að sögn Gunnars. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

taka við sér. Þó sé oft um sérfræðistörf að ræða. „Fyrirtæki eru að eyða meiri peningum í auðglýsingar, sem sýnir raunverulegan vilja til að bæta við sig fólki.“ Gunnar bendir á að ekki sé verið að mæla fjölda starfa heldur fjölda auðglýsinga, en að meðaltali séu sennilega fleiri en eitt starf auðglýst í hvert sinn.

„Þetta spilar með mörgu sem er að gerast, til dæmis því að væntingavísitalan er farin upp, og gengisvísitalan líka,“ segir Gunnar og bætir því við að þetta sé vonandi til marks um meiri bjartusýni í atvinnulífinu. Á því sé þörf. - þeb

Nýtt uppgjör hjá Stork: Hagnaður jókst um 20 prósent

VIBSKIPTI Hollenska fyrirtækið Stork B.V. sem er að 17 prósentum í eigu Eyris Invest, jók rekstrarhagnað sinn um 20 prósent á fyrri helmingi ársins borið saman við árið í fyrra.

Tekjur fyrirtækisins stóðu í stað á tímabilinu, í kringum 803 milljónir evra, sem jafngildir 123,5 milljörðum króna. Rekstrarhagnaður jókst um 20 prósent í jafngildi rúmlega 12 milljarða króna, og verðmæti pantana fyrirtækisins jókst um 7 prósent, í jafngildi 210 milljarða króna. - mþ

Bauð Þjóðverjum að eignast Danmörku

Danakonungur vildi heldur að Þýskaland eignaðist alla Danmörku árið 1864 en að missa frá sér Slésvík og Holtsetaland. Þjóðverjar höfðu hins vegar ekki áhuga á öðru en „þýsku héruðunum“. Töldu að Danir yrðu alltaf til vandræða.

DANMÖRK Kristján níundi Danakonungur, sá hinn sami og gaf Íslendingum stjórnarskrá árið 1874, bauð Þjóðverjum að eignast alla Danmörku sumarið 1864, þegar Danir höfðu tapað stríði við Þjóðverja út af héruðunum Slésvík og Holtsetalandi.

Það var Vilhjálmur Prússakonungur, sem nokkrum árum síðar varð keisari sameinaðs Þýskalands, sem fékk þetta rausnarlega tilboð frá Danakonungi, fyrir milligöngu Leopolds Belgíukonungs.

Otto von Bismarck, forsætisráðherra Prússlands, vildi hins vegar ekki taka meira frá Danmörku en héruðin Slésvík og Holtsetaland, enda hafði stríðið snúist um aðskilnaðarbaráttu þessara héraða frá Danmörku.

Von Bismarck er raunar sagður hafa talið að Danir yrðu alltaf til vandræða innan Þýskalands og þess vegna væri betra að Danmörk yrði áfram sjálfstætt ríki.

Danska dagblaðið Politiken skýrði frá þessu í gær og vitnaði í sagnfræðinginn Tom Buk-Swienty, sem er að senda frá sér bók um þessa sögu. Við ritun bókarrinnar fékk Buk-Swienty aðgang að einkaskjalasafni Kristjáns níunda, samkvæmt leyfi frá Margræti Danadrottningu, en það er í fyrsta sinn sem leyfi hefur fengið til að rannsaka einkaskjöl konungsins.

Samkvæmt frásögn Buk-Swientys lét Kristján konungur dönsku stjórnina ekkert vita af þessum áformum sínum fyrr en



KRISTJÁN NÍUNDI Afhenti Íslendingum stjórnarskrá árið 1874, en vildi tíu árum áður afhenda Þýskalandi alla Danmörku – að Íslandi meðtöldu.

nokkrum dögum síðar, þegar neitun hafði borist frá Þjóðverjum.

Kristján var sjálfur uppallinn í Slésvík og mun hafa verið meira þýskur en danskur, þannig að spurningar vakna strax hvort þetta tilboð til Þjóðverja hefði ekki átt að teljast föðurlandssvik.

Buk-Swienty er þó ekki á því, að því er fram kemur í Politiken.

Meginástæða konungs mun hafa verið sú, að hann taldi þetta einu leiðina til að halda Danmörku saman sem einni heild, þótt undir Þýskalandi væri. Hin

leiðin væri sú, sem varð ofan á, að Þjóðverjar hirtu einfaldlega Slésvík og Holtsetaland frá Dönnum og slitu þar með Danmörku í tvennt til frambúðar.

Ef mál hefðu þróast með þeim hætti, sem Danakonungur vildi sumarið 1864, hefði staða Íslands væntanlega verið allt önnur. Talið er að fordæmi Slésvíkur og Holtsetalands hafi orðið Íslendingum veigamikil vopn í baráttunni fyrir aðskilnaði frá Danmörku áratugum síðar. Ekki er víst að Þjóðverjar hefðu reynt Íslendingum jafn eftirgefinglegir og Danir. gudsteinn@frettabladid.is

Kostnaður heilbrigðiskerfisins vegna lyfja við ADHD hefur þrefaldast frá 2006:

Notkun aukist um helming

HEILBRIGÐISMÁL Notkun ritalíns og annarra lyfja sem notuð eru við athyglisbresti og ofvirkni, ADHD, hefur aukist um helming milli árunna 2006 og 2009 samkvæmt upplýsingum frá Sjúkraþryggingum Íslands.

Íslendingar notuðu tæplega 1,7 milljónir dagskammta af lyfjunum á síðasta ári, en notuðu um 1,1 milljón skammta árið 2006.

Kostnaður sjúkratrygginga vegna lyfjanna stefnir í 762 milljónir króna á árinu, miðað við kostnað fyrstu sex mánuði ársins. Kostnaðurinn hefur nær þrefaldast frá 2006, en hafa verður í huga að gengisfall krónunnar hefur haft áhrif á kostnaðinn.

Um 2.700 börn og unglingar yngri en 20 ára fengu ávísað ritalíni á síðasta ári, og um 1.500 fullorðnir 20 ára eða eldri. Notkun á ritalíni hefur aukist um 51 prósent frá árinu 2006 án þess

að dregið hafi úr notkun á öðrum sambærilegum lyfjum. Mest er aukningin hjá fullorðnum.

„Ég hef látið fara fram athugun á ritalínnotkun undanfarnar vikur og ég á von á því að það dragi til tíðinda í þeim málum fyrir mánaðamót,“ segir Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra.

Hún segir notkun þessara lyfja margfalt meiri hér á landi en í nágrennalöndunum. Þá sé áhyggjuefni að lyfið sé notað sem fíkniefni og selt á götunni. „Það er klárt að það þarf að grípa til aðgerða. Landlæknir er að skoða hvað hann getur gert og ég er að skoða hvað ég get gert.“ - bj, þeb

RANNSÓKN Unnið er að úttekt á ritalínnotkun, og eru niðurstöður væntanlegar bráðlega segir Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN



Kostur
einfaldlega **betri** kostur

Nýtt kortatímabil

Opið alla daga 10-20

Don SIMON fæst í Kosti

Nýtt íslenskt Grænmeti í úrvali

Mikið af frábærum tilboðum - Líttu við

kostur
Spörum og njótum lífsins

Ódýrt í skólann

NÝTT
VISA
TÍMABIL



DÚNÚLPUR
VERÐ FRÁ
7.999.-

Mikið úrval af skólavörum á betra verði



24
Hagkaup
OPIÐ
ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 20. ágúst á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



1 Hvað hefur landsmönnum fækkað mikið frá því í júlí í fyrra?

2 Hvað vill forsætisráðherra Ástralíu gera þegar Elísabet Englandsdrottning verður öll?

3 Hvað kostar mikið í Strætó í Reykjavík á menningarnótt?

SVÖRIN ERU Á Síðu 50

Betur fór en á horfðist þegar eldur kom upp á framkvæmdasvæði í miðborginni:

Talið að kveikt hafi verið í Laugavegi 4

BRUNI Eldur kom upp í húsinu á Laugavegi 4 á átunda tímanum í gærmorgun. Allt tiltækt slökkvilið var sent á staðinn en greiðlega gekk að ráða niðurlögum eldsins. Talið er að um íkveikju hafi verið að ræða. Tjón var óverulegt.

„Verkstjórnin mætti til vinnu þarna um morguninn og varð var við reyk. Hann lokaði þá á eftir sér og kallaði á slökkviliðið. Þegar við mætum á staðinn var þarna töluverður reykur og greinilegur eldur reyndist vera í panelplötu sem átti að fara á vegg þarna. Það gekk síðan greiðlega að slökkva eldinn,“ segir Árni Ómar Arnason, varðstjóri hjá Slökkviliði höfuðborgarsvæðisins. Hann segir líklegt að um íkveikju hafi verið að ræða og bætir við

að mun verr hefði getað farið ef eldurinn hefði komið upp á öðrum tíma sólarhringsins.

Slökkvistarf tók um 20 mínútur eftir að slökkviliðið mætti á staðinn og að því loknu var húsið reykkræst. Unnið er að því að gera upp húsið á Laugavegi 4 en það var meðal húsa á Laugaveginum sem Reykjavíkurborg festi kaup á í byrjun árs 2008 með það að markmiði að gera upp til að viðhalda 19. aldar götumynd miðbæjarins. Gátu framkvæmdir hafist aftur þegar eldurinn hafði verið slökktur.

- mbl

LAUGAVEGUR 4 Unnið er að því að gera húsið upp um þessar mundir en það var meðal húsa sem Reykjavíkurborg festi kaup á í janúar 2008.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Gott í Matinn
FYRIR ALLA SEM GRILLA

TOPPURINN Á GRILLSUMRINU!
– Þú finnur fjölda girnilegra uppskrifta með mozzarella- gratín- og pizzaosti á www.gottimatinn.is

Ölvunarakstur í Heiðmörk:

Handteknir eftir bílveltu

LÖGREGLUMÁL Tveir menn voru handteknir eftir bílveltu við vatnsverndarsvæðið í Heiðmörk í gær.

Grunur leikur á því að öku maður bílsins hafi ekið undir áhrifum áfengis. Taka átti skýrslu af mönnum þegar runnið væri af þeim í gærkvöldi.

Olía lak úr bílnum sem valt og var óttast að hún gæti lekið út í vatnið. Ekki var um mikið magn að ræða.

- þeb

VIÐSKIPTI

Hluthafafundur Icelandair

Stjórn Icelandair Group hf. hefur samþykkt að boða til hluthafafundar 15. september næstkomandi klukkan 16.00. Á dagskrá fundarins verður kjör nýrrar aðal- og varastjórnar félagsins.



BISKUPSSTOFA Kirkjuráð hlýddi á Guðrúnu Ebbu á fundi á þriðjudag.

Sakaskrár verði skoðaðar

Starfsmenn kirkjunnar munu leyfa aðgang að sakaskrá. Kirkjan tekur skýra afstöðu gegn ofbeldi gegn konum og börnum. Þetta var tilkynnt í kjölfar fundar Guðrúnar Ebbu Ólafsdóttur með kirkjuráði.

KIRKJAN Allir starfsmenn kirkjunnar verða beðnir um að samþykkja að heimila aðgang að sakaskrá sinni, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Biskupsstofu. Ráðist verður í sérstakt skimunaráttak gegn kynferðisofbeldi.

Tilkynningin var send út í gær. Einnig var greint frá því að Guðrún Ebbu Ólafsdóttir, dóttir Ólafs Skúlasonar biskups, hafi átt fund með kirkjuráði á þriðjudag þar sem hún sagði sögu sína. Fundurinn var haldinn á þriðjudag en upphaflega átti hann að vera eftir fimm vikur. Guðrún Ebbu hafði óskað eftir fundinum fyrir rúmu ári í erindi sem hún sendi Biskupsstofu. Eftir að hún sendi erindið fundaði hún með biskupi Íslands, Karli Sigurbjörnssyni.

Hún hafði sent erindið þar sem hún vildi brýna kirkjuna til að taka skýra afstöðu gegn kynferðislegu ofbeldi og lýsa það synd. Á fundinum með kirkjuráði var hlýtt á sögu Guðrúnar Ebbu um samskipti hennar við föður sinn, og gaf hún ráðinu kost á að spyrja spurninga. Það var ekki gert.

Í fréttatilkynningunni kemur fram að í kjölfarið á erindi Guðrúnar Ebbu hafi biskup og kirkjuráð meðal annars hafið endurskoðun á reglum um fagråd um

meðferð kynferðisbrota innan kirkjunnar. Þá hafi verið samdar síðareglur sem taki til presta, djákna, alls starfsfólks og sjálfboðaliða kirkjunnar. Þær síðareglur voru samþykktar á kirkjuþingi í fyrra.

Kirkjuráð segir einnig í tilkynningunni að þjóðkirkjan hafi tekið skýra afstöðu gegn ofbeldi gegn konum og börnum. Kirkjan standi með einstaklingum og samtökum sem vinni með þolendum ofbeldis og þeim sem stuðli að vitundarvakningu meðal þjóðarinnar um þessi alvarlegu mál.

Kirkjan hefur einnig greint frá því að fagråd um meðferð kynferðisbrota hafi haft afskipti af fimm málum á þeim ellefu árum sem það hefur starfað. Starfsmanni í æskulýðsstarfi var sagt upp störfum í fyrra eftir ósæmlega hegðun gagnvart ungmenni. Þá er eitt málanna mál Gunnars Björnssonar, sem var sýknaður af ákæru um kynferðisbrot og brot gegn barnaverndarlögum á síðasta ári. Hin þrjú málin bárust frá fullorðnu fólki. Tvö þeirra eru yfir tuttugu ára gömul og varða óviðeigandi samskipti æskulýðsleiðtoga við unglina. Síðasta málið snerist um óvelkoma snertingu prests við kollega sinn.

thorunn@frettabladid.is



EYJABERG

FJÁRFESTING SEM STEINLIGGUR

Veldu hellur með graníthörku frá Steypustöðinni.

- Graníthellur
- Lengri ending
- Góð vörn gegn nagladekkjum
- Falleg áferð
- Betri fjárfesting



Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.

Hjá Steypustöðinni getur þú fengið aðstoð landslagshönnuða við að skipuleggja gardinn þinn. Hafðu samband og fáðu nánari upplýsingar í síma 4 400 400.



STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR


HRINGHELLU 2
221 HAFNARFJÖRÐUR

HRÍSMÝRI 8
800 SELFOSS

MALARHÖFÐA 10
110 REYKJAVÍK

SÍMI 4 400 400
WWW.STEYPUSTODIN.IS

Skólabækurnar eru komnar



MacBook 13"

2,4GHz Intel Core 2 Duo

2GB innra minni

250GB harður diskur

Allt að 10 klst rafhlöðuending

Aðeins 2.13 kg / 2,74 cm þykk

Engir vírusar

innbyggð vefmyndavél

getur keyrt Windows

iLife '09

frí námskeið

engir vírusar

Nýr snertiflötur
Sterkbyggðari umgjörð
Bjartari skjár
Allt að 10 klst rafhlöðuending



MacBook Pro 15"

2,4GHz Intel Core 2 Duo

4GB innra minni

320GB harður diskur

Allt að 9 klst rafhlöðuending

iLife '09 - fylgir öllum Apple tölvum

Stafrænn lífsstíll að hætti Apple sem inniheldur iPhoto, iMovie, GarageBand, iWeb og iDVD. iLife gerir Mac-notendum kleift að skapa ótrúlegustu hluti og halda utan um ljósmyndir og hreyfimyndir á einfaldan máta. Að búa til fallegar heimasíður, ljósmyndabækur og kvikmyndir er leikur einn.



Apple iPad
tölvur frá:

119.990.-

Opið til 21 alla fimmtudaga

Námskeið á fimmtudögum í vetur

Námskeiðin eru án endurgjalds

Nánar um dagsetningu og tíma:
www.epli.is/fraedsla



Frí ástandsskoðun

Fimmtudaga milli kl. 18:00 og 21:00

Við bjóðum viðskiptavini velkomna með Apple-tölvuna sína í ástandsskoðun án endurgjalds.

Í skoðuninni er farið yfir möguleika tölvunnar til að standast kröfur nútímans og er skoðað m.a. hvernig lengja megi líftíma tölvunnar og auka notagildi hennar.

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:
Mán. - mið. 10-18 | Fim. 10-21
Fös. 10-18 | Lau. 12-16

www.epli.is

epli.is



BERA HÖFUÐIÐ HÁTT Þær eru ekki beint niðurlútar, þessar mörgæsir sem voru að spóka sig í dýragarði í Hannover í Þýskalandi nú í vikunni.

NORDICPHOTOS/AFP

Þrjár rúmlega tvítugar konur réðust á eina sem svaraði fyrir sig:

Fjórar ákærðar fyrir slagsmál

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært fjórar rúmlega tvítugar konur fyrir líkamsárás á Akureyri.

Samkvæmt ákæru átti atburðurinn sér stað á veitingastaðnum Kaffi Akureyri í ágúst á síðasta ári. Þrjár kvennanna sem ákærðar eru réðust á þá fjórðu. Ein þeirra kýldi hana í andlit og sparkaði jafnframt með hnenu í andlit hennar. Hinar tvær rifu í hár fórnarlambins og slógu hana nokkrum sinnum í andlit og líkama.

Sú sem ráðist var á hlaut sjá-



HÉRAÐSDÓMUR Málið er rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

anlega áverka. En hún er einnig kærð fyrir stórfellda líkamsárás þar sem hún sló eina af árársarkon-

unum þremur með glerglasi í höfuðið með þeim afleiðingum að sú síðarnefnda fékk sár á hvirfil.

Konan sem hinar þrjár réðust upphaflega á gerir kröfu um bætur frá þeim að upphæð samtals ríflega 600 þúsund krónur. Þar af eru 300 þúsund í miskabætur.

Sú hinna þriggja, sem slegin var með glasi gerir kröfu um bætur upp á 300 þúsund krónur úr hendi þeirrar sem það gerði. Jafnframt krefst hún greiðslu vegna lögmannaástoðar upp á tæplega 200 þúsund krónur.

- jss

Barnahjálp SP á Íslandi: Söfnunarsími fyrir Pakistan

HJÁLPARSTARF UNICEF á Íslandi hefur tekið í notkun söfnunarsíma til að afla fjár til stuðnings þeim sem orðið hafa verst úti í flóðunum í Pakistan.

Að minnsta kosti 15 milljónir manna hafi orðið illa úti í flóðunum í Pakistan, um helmingurinn börn, að mati UNICEF.

Símanúmer hjálparmanna eru 908 1000 fyrir 1.000 króna framlag, 908 3000 fyrir 3.000 króna framlag og 908 5000 fyrir 5.000 króna framlag. Einnig er tekið við framlögum á unicef.is.

- pg

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is

21. - 25. október

Dublin í haust

Einstakt verð

VITA býður upp á fjögurra nátt haustferð til Dublin á frábæru verði. Dublin er einstök borg sem iðar af lífi og stemningu.

Verð frá **39.900 kr.*** og **15.000 Vildarpunktur**

á mann m.v. flug fram og til baka með flugvallarsköttum 21.-25. október. *Almennt verð: 49.900 kr.

Gistimöguleikar

Frá 8.770 kr. nóttin

Bjóðum upp á gistingu á besta stað í Dublin.

Nóttin frá 8.770 kr. á mann í tvíbýli á Camden Court. Fjöldmörg önnur hótél eru einnig í boði. Sjá nánar á www.VITA.is



Beint morgunflug, glæsilegur flugkostur.

Við viljum að farþegum líði eins og þeir væru heima hjá sér þegar við setjum ný sæti og nýtt afþreyingarkerfi í flugflota Icelandair. Hver farþegi hefur sinn eigin skjá þar sem er í boði án endurgjalds fjölbreytt úrval af kvikmyndum, vinsælum sjónvarpsþáttum, tónlist og tölvuleikjum. Hver og einn velur sína eigin dagskrá og getur auk þess sótt upplýsingar um flugferðina sjálfa og margt fleira.

Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur.

Hjá VITA eru veittir 2.500 Vildarpunktur fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins. Auk þess getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um allt að 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum.



VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið



Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita



GISSUR PÉTURSSON Kostnaður Vinnuáskrá vegna háskólanáms atvinnulausra gæti numið allt að fimmtíu milljónum króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vinnuáskrá sendir hópi atvinnulausra bréf:

Greiða skólagjöld fyrir atvinnulausa

ATVINNUMÁL „Við erum að svara mikilli eftirspurn fyrir tækja í hugverkaiðnaði eftir fólki. Þau fáu atvinnuleysi sem við gefum út eru vegna starfa hjá hugbúnaðarfyrirtækjum. Það er greinilega ekki fólk hér í störf,“ segir Gissur Pétursson, forstjóri Vinnuáskrá.

Stofnunin sendi í vikunni hópi fólks á atvinnuleysisráð á aldrinum 20 til 60 ára með menntun umfram grunnskólapróf og hefur verið á atvinnuleysisráð í þrjú mánuði eða lengur boð um að hún bjóðist til að greiða skóla og skráningargjöld atvinnulausra í frumgreinanámi og í grunnám tækni- og raungreina á háskólastigi í eitt ár frá og með næsta hausti. Námið er lánshæft. Gert er ráð fyrir að kostnaður Vinnuáskráar nemi 40 til 50 milljónum króna.

Atvinnuleysi mældist 7,5 pró-

Hugverkageirinn

Til hugverkageirans teljast störf á borð við heilbrigðistækni, hönnun, fata- og litiðnað, leikjaiðnað, líftækni, orku- og umhverfistækni; vinna við tónlist, kvikmyndir og afþreyingaiðnað, vél- og rafeindatækni fyrir matvælavinnslu ásamt ýmsum öðrum tæknigreinum.

sent í júlí. Það jafngildir því að tæplega 12.600 manns hafi verið án atvinnu í mánuðinum. Helmingur atvinnulausra var með grunnskólapróf, tólf prósent með stúdentsprófi og sextán prósent með háskólamenntun.

Gissur reiknar með að um 150 manns nýti sér boðið. „Ef áhuginn er meiri þá verðum við að skoða það,“ bætir Gissur við.

- jab

Sama á hverju gengur – þú getur alltaf reitt þig á Siemens.



SIEMENS


Þvottavél og þurrkari frá Siemens.

Einstök gæði. Góð þjónusta.

Láttu sjá þig og gerðu góð kaup.

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • Sími 520 3000 www.sminor.is



Fjögur ár
ein tölva

Inspiron N5010
 Intel® Core™ i3-330M Processor
 2.13GHz, 800/1333MHz, 3MB SmartCache
 Mobile Intel 5 express HM57 kubbasett
 4GB 1333MHz DDR3 vinnsluminni (1x2048 + 1x1024)
 15.6 HD WLED TrueLife skjár (1366x768)
 Innbyggð 1.3MP vefmyndavél & hljóðnemi
 Intel HD skjástýring
 250GB 5.400rpm harður diskur



Dell Inspiron fartölvur á skólatilboði

VERD
 109.900 kr. – 169.900 kr.



Þriggja ára ábyrgð

Bjóðum upp á 6 mánaða vaxtalaus lán

Allar upplýsingar birtar með fyrirvara um prentvillur og ófyrirsjáanlegar breytingar. Öll tilboð gilda á meðan birgðir endast.

Intel, the Intel Logo, Intel Inside, Intel Core, and Core Inside are trademarks of Intel Corporation in the U.S. and other countries. For more information about the Intel processor feature rating, please refer to www.intel.com/go/rating.



**Dell
fartölvubakpoki**

5 dot curve fartölvubakpoki sem hentar fartölvum með allt að 16" skjá.

VERD
 9.850 kr.



**Dell
þráðlaus mús**

3ja hnappa þráðlaus fartölvumús með háglans áferð og nanó móttakara.

VERD
 5.450 kr.



**Dell
ferðahátalarar**

Flott hátalarastöng sem hentar vel með fartölvum.

VERD
 8.950 kr.



**Kingston USB
minnislyklar**

Nettur og litríkur minnislykill (svartur, blár, rauður og fjólublár) sem fæst í 4 GB, 8 GB, 16 GB og 32 GB.

VERD frá
 2.450 kr.



**Internet Security
PRO 2010**

Alhliða vírusvörn fyrir tölvur. 3ja ára leyfi fyrir allt að þrjár tölvur.

VERD
 5.950 kr.



**Office Home and
Student 2010**

Inniheldur Word, Excel, PowerPoint og One Note. Leyfi fyrir þrjár tölvur.

VERD
 19.950 kr.

Það er til lausn á öllu

www.ejs.is ▶ Grensásvegji 10, Reykjavík ▶ Sími 563 3000 ▶ Tryggvabraut 10, Akureyri ▶ Sími 463 3000

Fylgstu með okkur á facebook.com/ejsehf



FRÉTTASKÝRING: Hvaða þýðingu hefur skuldþak fyrir sveitarfélögin?

Sveitarfélögin þurfa tíma til aðlögunar

Endurskoðun sveitarstjórnarlaga er verkefni tveggja nefnda á vegum ríkisins. Fjármál sveitarfélaga eru í forgrunni. Hugmyndir eru uppi um að takmarka heimildir til skuldsetningar. Sveitarstjórnarfolk segir að ný lög verði að vera sveigjanleg og taka tillit til aðstæðna á hverjum stað.

Fjármál sveitarfélaga hafa verið mikið í umræðunni allt síðan í hrúinu. Fréttablaðið greindi frá því í gær að nefnd ríkisins sem fer í gegnum fjármál sveitarfélaga hallist að því að nauðsynlegt sé að setja þak á skuldsetningu sveitarfélaga og slíkar takmarkanir verði hluti af frumvarpi til ráðherra sveitarstjórnarmála sem lagt verður fram í haust. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins yrði skuldþakið nærri 150 prósentum af árstekjum sveitarfélaga. En hvernig snýr þetta að sveitarfélögunum?

Umdeildar útfærslur

Ýmsar útfærslur hafa verið nefndar um hvernig skuldir sveitarfélaganna skuli metnar og í raun er það umdeilt hvernig það skuli gert. Rekstri sveitarfélaga er skipt í A- og B-hluta. A-hluti í rekstri sveitarfélaga eru þau verkefni sem fjármögnuð eru að mestu leyti með skatttekjum. Það eru fræðslumál, félagsþjónusta, umhverfismál, æskulýðs- og íþróttastarfssemi og skipulagsmál svo dæmi séu nefnd. Undir B-hlutann fellur sú starfsemi sem yfirleitt er að mestu leyti fjármögnuð með þjónustugjöldum. Þar er fyrst og fremst um að ræða rekstur hafna, veitustarfssemi og rekstur félagslegs húsnæðis. Hugmyndir þeirra sem vinna að frumvarpinu er að skilgreina skuldir sveitarfélaganna vítt, og hafa þar undir skuldir A- og B-hluta. Þetta er á skjön við skilning allmargra innan sveitarfélaganna sem vilja halda þessum



UPPBYGGING Á ÁLFTANESI Með réttu eða röngu er sveitarfélagið Álftanes holdgervingur skuldsetningar sveitarfélaga á undanförunum árum. Myndin er tekin þegar framkvæmdir stóðu yfir vegna byggingar glæsilegrar sundlaugar á Álftanesi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

tveimur hlutum aðskildum. Hins vegar ræða aðrir sveitarstjórnarmenn ætíð um allar skuldir saman. Koma þá lífeyrisskuldbindingar og skuldbindingar utan efnahagsreiknings einnig inn í þá mynd. Skuldir utan efnahagsreiknings eru til dæmis fjármögnunarleigusamningar um sérhæfðar byggingar, eins og skóla sem fasteignafélag byggir og leigir sveitarfélaginu samkvæmt sérstöku samkomulagi.

Snýst um aga

Hvaða leið sem verður farin við mat á skuldum er eitt; hitt er að kjarni vinnunnar er að koma á meiri aga í fjármálum. Skal þar hafa hugfast að sveitarfélögin sjálf hafa lengi kallað eftir þessari vinnu og er skemmst að minnast þess að Halldór Halldórsson, formaður Sambands sveitarfélaga, og þáverandi fjármálaráðherra Árni M. Mathiesen, undirrituðu yfirlýsingu árið

2007 um að unnið yrði að sérstökum fjármálareglum fyrir sveitarfélögin. Vart þarf að minna á að þá var þenslan í samfélaginu sem mest. Frumkvæðið er því komið frá sveitarfélögunum sjálfum þó að mórallinn í umræðunni sé oft sá að ríkið sé að koma böndum á eyðslubrjálæðið sem viðgengst á sveitarstjórnarstiginu.

Sveitarstjórnarfolk hefur bent á að skuldamat þar sem bæði A- og B-

hluti eru undir geti verið mjög snúið. B-hlutinn er víða mjög skuldsettur og þar hefur skuldsetning orkufyrirtækja, eins og hjá Reykjavíkurborg, verið nefnd. Er þar bara eitt talið. Sveitarfélög, sem hafa verið að missa frá sér fólk, hafa skuldsett sig vegna félagslegs húsnæðis; hafnarsjóðirnir eru skuldsettir og svo framvegis. B-hluti minni sveitarfélaga er því víða skuldsettur rétt eins og hjá þeim stærri.

Sveigjanleiki nauðsyn

Halldór Halldórsson segir að ný lög verði að vera sveigjanleg. Skipti þá ekki meginmáli hvernig skuldir verða vegnar og metnar. Engin þörf sé á því að setja einstök sveitarfélög í þumalskrúfu. Það þurfi einfaldlega ekki þar sem innan sveitarfélaganna allra séu kjörnir fulltrúar sem vilja hafa fjármálin í lagi. Hitt er að ný lög þurfa að gera ráð fyrir góðum aðlögunartíma fyrir sveitarfélögin. „Það er ekki hægt að setja harðar reglur sem taka gildi á sama augnabliki,“ segir Halldór. „Í praxís þyrfti þetta jafnvel að virka þannig að eitt prósentuhlutfall þyrfti að vera í gildi fyrir A-hlutann og annað fyrir B-hlutann í fyrstu, sem síðan í framtíðinni myndi renna saman.“

Starfhæf sveitarfélög

Halldór spyr hvort ekki þurfi sveigjanleika fyrir sveitarfélög eins og Fjarðabyggð og Fljótsdalshérað þar sem byggt var álvir og virkjun og fjárfest var í öllum innviðum samfélaganna þess vegna? „Það er ekki hægt að draga eina línu yfir allt landið. Það þarf vissulega að auka formfestu og aga og draga úr skuldsetningu eftir bestu getu. En samt að hafa þá skynsemi í forgrunni við að skrifa ný lög að sveitarfélögin séu starfhæf við þær aðstæður sem þau þurfa að takast á við í framtíðinni.“

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Skuldþak ekki erfitt í framkvæmd

„Án þess að ég sé að kommentera á prósentur í þessu samhengi núna þá sýnist mér þetta vera í mjög góðum farvegi hjá nefndinni. Það er erfitt að smella fingrum og nefna prósentutölur. Það má vera að aðlögun þurfi að koma til hjá hverju og einu sveitarfélagi,“ segir Kristján L. Möller, samgöngu- og sveitarstjórnarráðgjafi, um hugmyndir nefndar um að takmarka skuldir við 150 prósent af árstekjum sveitarfélaga.

Kristján sagði í viðtali við Fréttablaðið í mars að virða þyrfti sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga, en það mætti ekki þýða að hægt væri að setja þau á höfuðið. Spyrja megi einnig hversu mikið sveitarfélög megi skuldsetja sig; það geti verið tvöfaldar eða 1,5-faldar skatttekjur. Það gæti verið regla sem þyrfti undantekningu til að víkja



KRISTJÁN MÖLLER

frá. Eins væri hægt að setja reglur um að sveitarfélög verði að skila hallalausum rekstri nema þau fái heimild til annars.

„Þessar hugmyndir mínar standa,“ segir Kristján sem er ekki þeirrar skoðunar að reglur um skuldþak séu erfðar í framkvæmd. „Það sem við þurfum að gera Íslendingar, eftir hrúnið 2008, er að endurskipuleggja allt okkar kerfi. Sjálfstæði sveitarfélaga er mikið en það má ekki vera það mikið að við lendum í hremmingum líkt og dæmi eru um nú þegar,“ segir Kristján og vísar til skuldavanda Álftaness. „Þar er reynsla sem við verðum að nýta til að þetta gerist ekki aftur. Ef það þarf að þrengja lög og reglur til þess, þá þarf einfaldlega að ganga í það.“

Skuldir og tekjur A- og B-hluti

Hér eru tekin 10 dæmi úr ársreikningum sveitarfélaga og kannað hversu hátt hlutfall skuldinnar eru miðað við tekjur. Lífeyrisskuldbindingar og skuldir utan efnahagsreiknings eru ekki inni í þessum tölum.

Sveitarfélag	Skuldir A- og B-hluta	Tekjur	Skuldahlutfall
Reykjavík	296.267	93.067	218,34%
Akureyri	22.377	15.024	48,94%
Ísafjörður	2.464	2.753	-10,50%
Kópavogur	38.466	17.765	116,53%
Reykjanesbær	26.011	9.580	171,51%
Fjarðabyggð	10.380	4.081	154,35%
Fljótsdalshérað	6.355	2.436	160,88%
Hafnarfjörður	36.444	14.161	157,35%
Vestmannaeyjar	2.730	3.246	-15,90%
Árborg	7.826	4.379	78,72%

Nú er tækifæri til að kaupa það sem þig hefur alltaf langað í

ÚTSALA

ALLT AÐ **80%** AFSLÁTTUR

Opið virka daga frá 10 til 18.
Laugardaga frá 11 til 14.

Lumex
Skiopholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is

SPENNANDI DAGSKRÁ Í ALLAN VETUR



SkjárEinn býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af upphaldspættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með **SkjáFrelsi**. Áskriftin færir þér aðgang

Veldu áskrift á skjareinn.is: **Skjáreinn** 2.200 kr.


að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í **SkjáBíói** og frábæru úrvali af ókeypis barnaeefni. Ofan á allt saman getur þú valið á milli mismunandi pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir **60 erlendum sjónvarpsrásum**.



EKKERT
VENJULEGT
SJÓNVARP

FYLGSTU MEÐ

BROT AF ÞVÍ BESTA
Í OPINNI DAGSKRÁ
Í KVÖLD KL. 19:45



Aðeins í
BYKO Breidd

LAGERHREINSUN

Árstíðavara • Heimilistæki • Hreinlætistæki • Verkfæri •

DÆMI UM VÖRUR Á LAGERHREINSUN BYKO BREIDD

		Lagerhreinsunarverð:	Fullt verð:
Vnr. 0113566	PLASTPARKET, HLYNUR, 195x1210x7 mm	1.090	1.890
Vnr. 0113559	PLASTPARKET, MAHÓNÍ, RAKAHELT, 195x1210x8.3 mm	1.390	2.390
Vnr. 17158100	VEGGFLÍSAM V&B MELROSE 30x60 cm, HVÍTGLANS	1.990	6.590
Vnr. 17271001	GÓLFFLÍSAM V&B SCOPE 30X60 cm, GRÁ V+	2.990	6.990
Vnr. 49809150	ACE SMERGEL, 6"	2.495	4.990
Vnr. ISP620359/001	CC SCOOTER ARROW, HLAUPAHJÓL	5.000	8.990
Vnr. 49837811	KÖRFUBOLTAHRINGUR, STANDARD	5.900	9.990
Vnr. 65105796	BORÐVIFTA, 27 cm, HVÍT	2.694	4.490
Vnr. 38910043	JÁRNHILLUR FYRIR DEKK, 200x100x35 cm.	8.993	14.990
Vnr. 41119043	COLORADO KAFFISTELL, 18 STK.	5.500	9.990
Vnr. 41119044	COLORADO MATARSTELL, 12 STK.	5.500	9.990
Vnr. 49808628	SERVA STINGSÖG, 350W	1.995	3.990
Vnr. 49808620	SERVA RAFHLÖÐUBORVÉL, 12V	3.495	6.990
Vnr. 49808622	SERVA HÖGGBORVÉL, 500W	1.995	3.990
Vnr. 65745300	KASSEL KAFFIKANNA, 1000W	3.352	4.190

Timbursala
BYKO Breidd
LAGERHREINSUN

• Panill • Vatnasklæðning • Múrsteinar • Áplötur
• Profiltak þakefni • Byggingartimbur 25x150 mm
og margt fleira!

15%
afsláttur

af sérverði
á gagnvörðu efni
í völdum lengdum!

25%
afsláttur

af sérverði
á girðingaeiningum

Fyrstir koma -
fyrstir fá! Takmarkað magn!

REINSUN

Parket • Flísar • Búsáhöld • Heimilisvara • Og margt fleira

Afgangar • Útlitsgallað
Síðustu eintök o. fl.

Heimilistæki
með miklum
afslætti!

**Mikill
afsláttur**

Sturtuklefar
á frábæru
verði!

Sumardekk
á frábæru
verði!

Þetta er aðeins brot
af vöruúrvalinu á

**lagerhreinsun
BYKO Breidd**

Bætum daglega
við vöruúrvalið

ÚTSÖLU- BORÐ

Á útsöluborði okkar í garðskála BYKO Breidd finnur þú fjöldann allan af vörum á eftirfarandi föstum verðum:

100 kr.	2.500 kr.
250 kr.	3.000 kr.
350 kr.	3.500 kr.
500 kr.	5.000 kr.
1.000 kr.	7.500 kr.
1.500 kr.	10.000 kr.
2.000 kr.	



FRÉTTAVIDTAL: Hjörleifur Kvaran, fyrrverandi forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur

Segir að trúnaður hafi aldrei myndast

Hjörleifur Kvaran segist halda launum sínum í níu mánuði eftir að stjórn Orkuveitunnar ákvað að leysa hann frá störfum sem forstjóra. Hann gefur í skyn ágreining við stjórnarformann um uppsagnir og gjaldskrárhækkanir í viðtali við Fréttablaðið. Segir engan trúnaðarbrest hafa orðið því trúnaður hafi aldrei myndast.

Hjörleifur Kvaran, sem vikið var úr starfi forstjóra Orkuveitu Reykjavíkur í fyrrakvöld, fær greidd laun frá Orkuveitunni í níu mánuði, samkvæmt því sem fram kemur í samtali hans við Fréttablaðið. Það eru þau kjör sem honum ber samkvæmt ráðningarsamningi sem var gerður þegar hann var ráðinn til forstjórastarfa síðsumars 2008.

„Það var ekki samið um nein starfslokakjör,“ segir Hjörleifur spurður hvernig kjara hann njóti eftir að stjórn Orkuveitunnar ákvað að leysa hann frá störfum. „Ég fæ bara þau kjör sem ráðningarsamningur minn gerir ráð fyrir. Ég er með þriggja mánaða uppsagnarfrest og sex mánuði á launum þar á eftir. Þetta eru lakari kjör en forveri minn hafði og ég hef verið á mun lægri launum en hann hafði.“

Með 1,8 milljónir á mánuði, samkvæmt Frjálsri verslun

Samkvæmt tekjublaði Frjálsrar verslunar var Hjörleifur með rúmlega 1,8 milljónir króna í laun á mánuði frá Orkuveitu Reykjavíkur á síðasta ári. Hjörleifur var ráðinn forstjóri í stað Guðmundar Þóroddssonar, korteri fyrir hrun og segir að það hafi verið sitt fyrsta verk í starfi að lækka laun forstjóra. Þau séu

nú 35-40% lægri en var áður en hann tók við starfi.

„Auðvitað er maður aldrei sáttur við að svona þurfi að fara,“ segir Hjörleifur. „En mér var tilkynnt í [fyrradag] að stjórnin hefði tekið ákvörðun um að ég þyrfti að víkja sem forstjóri. Það var óskað eftir að það gerðist þegar í stað.“ Hann segir að það hafi komið sér á óvart þegar Haraldur Flosi Tryggvason, starfandi stjórnarformaður Orkuveitunnar, sagði honum að öll stjórn Orkuveitunnar stæði á bak við þá ákvörðun að skipta um forstjóra.

Fékk ekki réttar upplýsingar um afstöðu stjórnar

„Síðar kom í ljós að það var ekki rétt,“ segir Hjörleifur og bendir á að samkvæmt fundargerð stjórnar hafi aðeins helmingur stjórnarinnar tekið þátt í afgreiðslu málsins á stjórnarfundum. „En þessi ákvörðun var tilkynnt mér og ekki rædd frekar.“

Hjörleifur segir að miklar hagræðingar aðgerðir hafi staðið yfir innan fyrirtækisins undanfarið. Starfsfólkið hafi í sameiningu náð góðum árangri við að lækka launakostnað og annan rekstrarkostnað. „Það er búið að hagræða um fleiri hundruð milljónir í rekstri og launum og fyrir liggja tillögur frá mér um fleiri hundruð milljóna sparnað, en þó þannig að það komi ekki illa við meginþorra starfsmanna. Á síðasta eina og hálfu árinu hefur starfsmönnum Orkuveitunnar fækkað um þrjátíu og átta án uppsagna, fyrst og fremst með því að ráða ekki í störf sem losnuðu og með því að endurnýja ekki tímabundnar ráðningar.“ Starfsmenn Orkuveitunnar eru nú um 650 talsins.

Eftir stjórnarskiptin í vor fól ný stjórn, undir formennsku Haraldar Flosa Tryggva-



HJÖRLEIFUR KVARAN Segist hafa gert úttekt og undirbúið tillögur um hófsaman sparnað gagnvart neytendum og starfsmönnum Orkuveitunnar. Starfandi stjórnarformanni hafi ekki fallið þær tillögur í geð.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sonar, Hjörleifi að gera úttekt á fyrirtækinu. „Ég fékk til þess tiltölulega skamman tíma, en kláraði innan frests og skilaði til starfandi stjórnarformanns, sem hefur haft hana til meðferðar síðan og meðal annars sent til rýnihóps.“

Vann hófsamar tillögur

Hjörleifur segir að sér hafi heyrst að starfandi stjórnarformaður væri ekki fyllilega ánægður með hvernig staðið var að úttektinni og þær tillögur sem þar voru gerðar. Það kunni að vera skýringin á því að leiðir skildi. „Ég hafði unnið tillögur um hvernig bæta megi stöðu fyrirtækisins til næstu ára, sem við töldum trúverðugar og settar fram af hófsemd gagnvart neytendum og starfsmönnum,“ segir Hjörleifur.

Spurður hvort skilja beri þessi orð hans þannig að hann hafi ekki viljað ganga eins langt í því að hækka gjaldskrá og segja upp starfsfólki og Haraldur Flosi, segir Hjörleifur: „Við kunnum að eiga eftir að sjá tillögur sem eru öðru vísi en við lögðum til.“

Hann segist ekki vita hvaða aðgerðir séu í undirbúningi en starfandi stjórnarformaður

hafi ekki verið sáttur við framlag forstjórnar til þeirra.

Hjörleifur segist leggja áherslu á að nú séu erfiðir tímar hjá Orkuveitunni og starfsfólki fyrirtækisins. „Ég hefði talið nauðsynlegt að menn stæðu saman og ynnu sig saman í gegnum þessa erfiðleika. En það eru aðrir sem ráða. Þeir taka ákvarðanirnar og þeir hljóta að hafa í hendi þær lausnir sem nauðsynlegar eru.“

Enginn trúnaðarbrestur án trúnaðar

Spurður um það hvernig samstarfið við Harald Flosa hafi gengið, segir Hjörleifur Kvaran: „Þetta er sjöundi stjórnarformaðurinn sem ég vinn með. Það hefur verið gaman og ljúft að vinna með þeim fyrstu sex en samstarfið hefur ekki alveg verið að gera sig með þeim sjöunda. Það hefur ekki orðið neinn trúnaðarbrestur. Það þarf að skapast trúnaður til þess að hann geti brostið.“

Pétur Gunnarsson
peturg@frettabladid.is



LÁN TIL GÓÐRA VERKA



- Engin lántökugjöld
 - 5,75% óverðtryggðir vextir
(Vaxtakjör sambærilegra skuldabréfalána eru í dag frá 9,25%)*
 - Lánstími allt að fimm ár
 - Umsóknarfrestur er til 30. september 2010
 - Hámarksfjárhæð láns er 1,5 milljón kr.
- Allar nánari upplýsingar fást í útibúum Íslandsbanka eða á www.islandsbanki.is



MÍTTA.HUSID / SÍA 10-1230

* Vextir skv. vaxtatöflu Íslandsbanka 1. júlí 2010. Vextir taka mið af kjörvöxtum óverðtryggðra skuldabréfalána en veittur er fastur 2% vaxtafrádráttur frá þeim.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

SKÓLABÓKARDÆMI
UM SPARNAD!!!

SKIPTU
BÓKUM

spurðu
bara á
griffill.is
griffill.is

GRIFFILL SVARAR
SAMKEPPNI

LÆKKAD

GERIÐ
VERÐSAMANBURÐ

VERÐ Á SKIPTIBÓKUM


Griffill svarar samkeppni og lækkar öll verð á skiptibókum.
Hér eru nokkur dæmi um ódýrari verð á skiptibókum.



1745 KR
Þýrnar og rósir



1895 KR
Jarðargæði



1895 KR
Félagsfræði 1



1890 KR
Fornir tímar



2495 KR
Almenn sálfræði



1690 KR
Stæ 103 Tölvunot



1795 KR
Mundos Nuevos 1 lesbók
m/CD



1695 KR
Dansk er mange ting



1195 KR
Þýska f. Þig 1 vinnubók

OPIÐ
10-22

GRIFFILL


ALLTAF
ÓDÝRARI

SPARA
SPARA

SKEIFUNNI 11 s: 5331010
griffill.is

Útgjöldin

> Verð á gallabuxum fyrir fullorðinn



HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

neytendur

hagur heimilanna

NEYTANDINN: Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur

Hefur dýra kaffivél upp á punt

„Bestu kaupin er forlata sjö manna tjald sem ég keypti fyrir fimm árum í 66°Norður á fimmtán þúsund krónum. Ég sá það auglýst á 96 þúsund krónum um daginn,” segir Vala Garðarsdóttir fornleifafræðingur. Tjaldið er með miðrymi og herbergjum til beggja enda. Hún segir tjaldið hafa verið notað mikið hvert sumar. Þar af hafi hún farið í sjö tjaldferðalög í sumar. „Ég ferðast mikið.”

Verstu kaup Völu er gamaldags ítölsk espressó-kaffivél úr krómi sem hún keypti fyrir fimmtíu þúsund krónum árið 2002. „Vélin var nýkomin á markaðinn og leit vel út þótt hún hefði mátt kosta minna. En þetta var óðagot hjá mér. Vélin hefur aldrei virkað almennilega og hellir upp á vont kaffi.

En ég fékk aldrei að skila henni. Þeir í versluninni sögðu að hún ætti að vera svona,” segir Vala. Kaffivélin hefur ekki verið notuð um árabíl. Hún stendur samt enn uppi í eldhúsinu hjá fornleifafræðingnum. „Vélin er svo falleg, hún fær að njóta sín þar þótt ég nota hana aldrei,” segir Vala en í stað þess að súpa kaffi úr dýrri og fallegri vél hefur hún hella upp á í kaffivél sem hún keypti fyrir níu árum fyrir 4.990 krónum í Fríhöfninni. „Hún virkar fullkomlega.” Vala segir kaffivélakaupin hafa kennt sér að hlaupta aldrei til og kaupa hluti í óðagoti. Þess í stað hugsar hún sig vel um áður en hún tekur upp veskið.



GOTT HÚSRÁÐ

HENDA HVÍTU SOKKUNUM

■ **Porkell Gunnar Sigurbjörnsson, Íþróttafréttamaður á RUV, kaupir bara svarta sokka.**

„Ef ég á að nefna eitthvað, þá get ég alveg mælt með því, til að slá vel á vöðvabólgu, að nota kælípoka, en ekki hitapoka. Gerir miklu meira gagn,” segir Porkell Gunnar.

„Annars er líka gott húsráð við hvítum sokkum sem verða fljótt skitugir að henda öllum hvítu sokkunum og kaupa bara svarta sokka til að ganga í. Það svínvirkar.”



Evrópsk neytendaaðstoð

Íslendingum bjóðast upplýsingar hjá Evrópsku neytendaaðstoðinni, um rétt þeirra sem neytenda í löndum Evrópu. Neytendasamtökin greina frá þessu á vef sínum. Evrópska neytendaaðstoðin, www.ena.is, býðst til að aðstoða þá sem hafa verið beittir órétti við hversdagsleg viðskipti. Meðal málaflökka neytendaaðstoðarinnar eru: ferðaþjónusta, svik, kaup á Netinu og réttarstaða neytenda. Í einni fréttatilkynningunni er kvörtunarferli lýst þannig að beri kvörtun kaupanda ekki árangur setji ENA sig í samband við seljanda. Neytendasamtökin íslensku hafa eftir sem áður milligöngu fyrir Íslendinga gagnvart íslenskum seljendum.



- kóp

Kostar sitt að eiga Apple

Blaðamaður fór með bilaða Apple-tölvu í viðgerð á verkstæði Epli.is á Lauga-vegi. Tölvuna hafði hann keypt fyrir næstum kvartmilljón á sama stað. Hún var enn í ábyrgð. Á verkstæðinu var honum tilkynnt að hringt yrði í hann eftir tvær til þrjár vikur og hann látinn vita hvað amaði að tölvunni. Nema, var bætt við, þú borgir forgangsgjald upp á 9.475 krónum. Þá verður hringt í þig á morgun. Blaðamanni lá ósköpin á og gekk að þessu, en hugsaði sitt. Eftir að blaðamaður ítrekaði neyð sína var hringt í hann tveimur dögum seinna. Þá var honum tilkynnt að tölvan væri svo illa farin að hún yrði að fara upp í tryggingafélag. Til að það væri hægt þyrfti bilunarskýrsla að fylgja frá Epli.is. Sú kostaði um 5.000 krónum.



- kóp



VERSLAÐ FYRIR SKÓLANN Handagangur er í öskjunni í mörgum þeim verslunum sem selja skólabækur og ritföng. Glatt var yfir þeim Hildi Völu og Ebbu Katrínu þar sem þær voru að kaupa bækur sem þær þurfa í Verzlunarskólanum í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hægt að sleppa með 19 þúsund krónum í skólainnkaup

Árstímanum þegar skólar hefja störf aftur fylgja oft mikil útgjöld hjá barnafjölskyldum. Fréttablaðið tók saman hver útgjöld fjölskyldu með barn á leið í fyrsta bekk gætu verið.

Mikil útgjöld verða hjá barnafjölskyldum þegar skólar hefja störf á haustin. Sýnu mest eru útgjöldin þegar barnið hefur nám í fyrsta bekk en yfirleitt er hægt að nota einhver gögn, eins og til dæmis skólatösku, í nokkur ár. Fréttablaðið kannaði hver kostnaðurinn gæti verið hjá fjölskyldu með eitt barn sem er að fara í fyrsta bekk.

Það mikilvægasta sem kaupa þarf áður en barnið getur hafið skólagöngu er skólataskan. Gæði

og verð á skólatöskum eru mjög mismunandi.

Hægt er að finna skólatöskur sem kosta um 3.500 krónum en það er alls ekki óalgengt að sjá töskur sem kosta fimm sinnum það. Foreldrar þurfa að gera upp við sig hve miklu þeir vilja verja í skólatösku en mikilvægt er að velja töskuna þannig að hún henti stærð og baki barnsins.

Flestir skólar útbúa lista yfir skriffæri og annað dót sem nauðsynlegt er fyrir nemendur að hafa í skólanum.

Sé miðað við lista sem birtur er á heimasíðu Grandaskóla er hægt að fullnægja kröfum um skriffæri, pennaveski og annað nauðsynlegt fyrir tæpar þrjú þúsund krónum með því að versla ódýrt en ekki þarf að láta sér bregða ef kostnaðurinn nálgast sex þúsund krónum.

Annar stór útgjaldaliður fyrir margar fjölskyldur á þessum tíma ársins eru hlífðarföt fyrir börnin. Séu úlpa, hlífðarbuxur og stígvél keypt er hægt að komast af með rúmlega 12 þúsund krónum. Slíkur fatnaður er þó mjög ólíkur að gæðum og það er allt eins hægt að verja mun hærri fjárhæðum í vandaðri fatnað.

Heildarútgjöld við upphaf skólaársins; skólataska, pennaveski, skriffæri, gögn og hlífðarföt, geta því verið ansi mismunandi eftir því hvernig innkaupum er háttað. Sé ódýr leið farin þarf heildarpakkinn ekki að kosta mikið meira en 20 þúsund krónum en enginn ætti þó að láta sér koma það á óvart ef útgjöldin verða nær 50 þúsundum.

Dýrustu útgjaldaliðirnir eru skólataskan og hlífðarfatnaður og ráða þeir mestu um hvað heildarpakkinn kostar. magnusi@frettabladid.is

Sumir viðskiptavinir Alterna telja sig hafa verið narraða í viðskipti:

Óánægja með tilboðssímtöl

NEYTENDUR Nokkrir viðskiptavinir símafyrirtækisins Alterna hafa sent kvartanir til Neytendastofu vegna loforða um ókeypis símaþjónustu í mánuð sem ekki var staðið við. Talsmaður fyrirtækisins segir sennilegast að um mistök hjá starfsmanni í símaveri hafi verið að ræða. Þá hafi reikningarnir verið felldir niður og hlutaðeigendur beðnir afsökunar.

Alterna bauð nýjum viðskiptavinum í upphafi sumars upp á tilboð er hljóðaði upp á 200 fríar mínútur á mánuði og notaði símhringingar til að kynna tilboðið.

„Við nýttum okkur þjónustu hjá símasölufrirtæki sem heitir Kol ehf. Svo þegar reikningar fóru að berast höfðu nokkrir samband við okkur sem sögðu að þeim hafi verið lofað að fá frían mánuð. Við höfðum samband við símasölufrirtækið og þá kom í ljós að söluumaður þar hafði notað sölu-ræðu þar sem sagði að þetta væri í raun og veru frír mánuður þar sem fæstir notuðu 200 mínútur á mánuði,” segir Þorsteinn Bald-



FARSÍMI Verðlagning á símamarkaði hefur löngum verið talin frumskógur. Á vef Póst- og fjarskiptastofnunar (www.pfs.is) er að finna reiknivél sem á að geta hjálpað fólki að fóta sig þar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ur Friðrikksson, sölu- og markaðs- stjórnari Alterna. Hann segir reikninga þeirra einstaklinga sem hefðu kvartað hafa verið fellda niður og hlutaðeigendur beðnir afsökunar og enn fremur að þetta væru ekki aðferðir sem fyrirtæki notaði.

Helgi Már Haraldsson, auglýsingastjóri Kol ehf., þekkti ekki til málsins en sagði að yfirleitt þegar svona mál kæmu upp þá hefðu viðskiptavinirnir sem hefðu kvartað einfaldlega ekki verið að hlusta.

- mþ

1

Nýtt leikár kynnt á morgun

Borgarleikhúsið

N1

FLOTTAR SKÓLATÖSKUR

Skólatöskur fyrir stelpur og stráka. Íþróttataska, nestisbox og brúsi fylgja.

x4

Punktar gilda fjórfalt

3.990 kr.

Safnkortshafar borga aðeins
auk 1000 punkta
Fullt verð: 7.990 kr.

WWW.N1.IS / SÍMI 440 1000
Skólatöskurnar fást í verslunum og á þjónustustöðvum N1

Meira í leiðinni

VERÐI ÞÉR AÐ GÓÐU

Friðrik ræktar spergilkál á bökkum Hvítár ásamt eiginkonu sinni Moniku. Uppskeran er myndarleg ár hvert en það er ekki síst að þakka sveppamassanum sem notaður er sem vistvænn áburður. Jarðvegurinn er frjósamur og ef ekki rignir nóg er tært vatnið sótt í Hvítá til vökvunar. Friðrik segir fáar grænmetistegundir jafn hollar og góðar og spergilkál.



islenskt.is

Stjórnmalamenn sem vildu kaupa sér vinsældir skuldsettu sveitarfélögin.

Skuldapak er skynsamlegt

Fréttablaðið sagði í gær frá tillögum, sem meðal annars eru unnar í samstarfi við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og ganga út á að þak verði sett á það hversu mikið sveitarfélögum verður heimilt að skuldsetja sig. Rætt er um að horfa þá til allra skulda sveitarfélaganna, bæði A-hlutans, sem tekur til hefðbundins rekstrar og er fjármagnaður með skattfé, og B-hlutans, en í honum eru fyrirtæki í eigu sveitarfélaganna með sjálfstæða tekjustofna, til dæmis hafnir og orkuveitur. Tillögurnar ganga út frá að skuldapak- ið verði 150% af heildartekjum sveitarfélaganna.

SKOÐUN

Ólafur P. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Verði þessar tillögur að lögum, gerir það út af fyrir sig ekki mikið til að bæta þá afleitu fjárhagsstöðu, sem mörg sveitarfélög eru komin í. Skuldastaða þeirra margra er umfram mark-

ið sem rætt er um og lögfesting þess verður þannig ekki annað en staðfesting á þeirri leið heilbrigðrar skynsemi að reyna að ná skuldunum niður með aðhaldi og hagræðingu í rekstri.

Hins vegar getur skuldapak komið í veg fyrir að staðið verði að rekstri sveitarfélaga með jafnábyrgðarlausum hætti og reyndin er um þau mörg á undanförunum árum. Það er staðreynd að mörg sveitarfélög skuldsettu sig í góðærinu, þrátt fyrir vaxandi tekjur. Stjórnmalamenn, sem vildu kaupa sér vinsældir, létu ekki duga að framkvæma fyrir tekjuaukann, hvað þá að greiða niður skuldir, heldur nýttu sér jafnframt aðganginn að ódýru fjármagni til að taka lán. Mörg dæmi eru um að þegar innlendir lánamarkaður varð tregari til að lána, hafi verið tekin erlend lán. Það fór síðan eins og það fór þegar krónan hrundi.

Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfé- laga, sagði í fréttum Bylgjunnar í gær að væri fjárhagsstaða sveitarfélaganna borin saman við stöðu ríkisins kæmu sveitarfélögin vel út úr þeim samanburði. Það er rétt svo langt sem það nær. Halldór gleymir hins vegar að geta þess að ríkissjóður hafði greitt niður skuldir í góðærinu og var betur í stakk búinn en ella að taka á sig þá gríðarlegu bagga, sem fylgt hafa bankahruninu, þar með talið gjaldþrot Seðlabankans, endurfjármögnun bankanna og Icesave- skuldirnar. Sveitarfélögin juku skuldir sínar þegar þeim bauðst einmitt sama tækifæri og ríkinu til að greiða þær niður.

Rétt eins og hjá ríkinu er fram undan mikil tiltekt í fjármálum sveitarfélaganna. Hugsanlega knýr hún fram fleiri sameiningar sveitarfélaga. Þau eru enn of mörg og lítil og hafa sum hver ekki burði til að takast á við lögbundin verkefni.

Skuldapakið er skynsamlegt, vegna þess að ekki er víst að allir stjórnmalamenn hafi lært af reynslunni. Og á eftir þeim sem nú sitja í sveitarstjórnnum kunna að koma pólitíkusar sem finnast í lagi að skuldsetja næstu kynslóð til að koma hugmyndum sínum sem fyrst í framkvæmd.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Áhugaleysi meðal drengja

Rannsóknir hafa sýnt fram á að drengir í grunnskólum landsins hafa minni áhuga á því sem þar fer fram en skólasystur þeirra en þetta áhugaleysi kemur niður á námsárangri drengjanna. Menntaráð Reykjavíkurborgar samþykkti nýverið að setja á fót starfs- hóp með það að markmiði að leita leiða til að auka námsáhuga drengja í grunnskólum. Var tillaga þess efnis samþykkt með sex atkvæðum gegn einu en fulltrúi Vinstri grænna í menntaráði greiddi atkvæði gegn tillögunni.



Nám og kynjaímyndir

Sóley Tómasdóttir, oddviti VG í borgar- stjórn, tjáði sig um málið í Fréttablaði- nu í gær og sagði tillögunna falla í pytt gamallar orðræðu. Mikilvægast væri að vinna með og uppræta staðlaðar kynjaímyndir í grunnskólum og stuðla að markvissri kynjafræðslu fyrir bæði kynin. Sjónarmið Sóleyjar eru vissulega góðra gjalda verð en erfitt er að sjá að þau mæli gegn því að reynt sé að ýta undir áhuga drengja í skólastarfi. Getur þetta tvennt ekki farið saman?




Ekki verk eins manns

Icelandic Group birti í gær tölur um afkomu á fyrri helmingi ársins en hagnaður af reglulegri starfsemi jókst um 135 prósent milli ára. Í fréttatil- kynningu sem send var út af þessu tilefni skrifar Finnþórir Viktorsson, forstjóri fyrirtækisins: „Hvaða forstjóri yrði ekki ánægður með 135 prósentu arðsemisaukningu á fyrstu sex mánu- uðum ársins eftir að hafa skilað besta rekstrarári í sögu félagsins árið 2009?“ Ekkert svar kemur við spurningunni en Finnþórir er fljótur að taka fram að þessi árangur sé ekki verk eins manns heldur allra starfsmanna fyrir- tækisins, hógvæðin uppmáluð.

magnusl@frettabladid.is

HALLDÓR



ESB fyrirvararnir halda ekki!

Evrópumál



Ásmundur Einar Daðason
alþingismaður
Vinstri-
hreyfingarinnar-
græns framboðs

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur hefur skrifað greinar í Fréttablaðið að undanförunum um Evrópusambandið. Eða öllu heldur, hann hefur skrifað greinar um þá sem skrifa um Evrópusambandið. Og niðurstaða hans er að þeir sem eru andvígir því að Ísland gangi í ESB fari með fleipur, séu haldnir órum eða segi tröllasögur. Það staðhæfir þessi ágæti rithöfundur sem í hinu orðinu kallar eftir málefna- legri umræðu, segir að „óskandi væri að umræðan um ESB snerist um málefni.“ Síðasta grein hans heitir Vinstri græn og Evrópusambandið og fjallar aðallega um meint „raus“ Ógmundar Jónassonar. „Raus“ heitir það þegar andstæðingar ESB- aðildar færa rök fyrir máli sínu. Í ágætri grein hafði Ógmundur rakið hvernig áhersla á markaðsvæðingu almennþjón- ustunnar hefði færst í vöxt samkvæmt tilskipunum frá Brussel, sótt hefði verið að samningsréttarkerfum launafólks og stefnumótun innan Evrópusambands- ins færi í vaxandi mæli fram í dómsölum: „Þetta virðist mér vera að gerast“ skrif- ar ÓJ, „á vettvangi ESB: Aukin framsókn markaðsaflanna inn í lendur sem áður voru alfarið á vegum ríkis og sveitarfélaga og síðan hitt að dómstólar eru sífellt að verða meira stefnumótandi í málum sem eru í

eðli sínu pólitísk, eða m.ö.o. lýðræðisleg úrlausnarefni, og snúa að skipulagi samfé- lagsins. Þetta vekur spurningar um hvort og hve lengi fyrirvarar sem kann að verða samið um halda gagnvart jafnræðisreglum sem dómstólar horfa jafnan til. Þegar jafnræðið snýr að markaðnum hafa félagsleg- ir þættir oftast en ekki þurft að víkja fyrir kröfu um hömlulaus markaðsviðskipti.“ Hér er vikið að grundvallarmáli. Halda fyrirvarar sem nú kann að verða samið um? Ekki minni maður en Stefan Füle, stækkunarstjóri ESB, segir svo ekki vera. Á sameiginlegum fréttamannafundi 27. júlí sl. með Óssuri Skarphéðinssyni utanríkis- ráðherra lýsti stækkunarstjóri ESB því yfir að það væri „ekki hægt að fá neinar varanlegar undanþágur frá lögum ESB“ aðeins tímabundna aðlögun. Þegar í ofan- álag bætist aukið vægi dómstólanna sem Ógmundur Jónasson vísar til, er veruleg ástæða til að velta fyrir sér hvort hugsan- legir ávinningar við samningaborð séu til að treysta á. Svo virðist ekki vera sam- kvæmt því sem best verður séð. Sér Guð- mundur Andri aðra fleti sem ég kem ekki auga á hvað þetta snertir? Hvernig væri að hann léti af skætingsskrifum og hæfi málefnalega umræðu, til dæmis um þetta atriði?

Svalandi lífrænar og bragðgóðir safar

• Lífrænt ræktað hráefni
• Án viðbættis sykurs
• Engin rotvarnarefni

Fæst í heilsuþúðum, og matvöruverslunum

heilsa
-hafðu það gott

Lokaðar leiðir, brenndar brýr

Í DAG

Porvaldur Gylfason
prófessor



Íslendingar notuðu 20. öldina til að ná Dönun í efnahagslegu tilliti. Það tókst. Við upphaf heimastjórnar 1904 var Ísland hálfdrættingur á við Danmörku mælt í kaupmætti þjóðartekna á mann. Fyrir hrun 2008 virtist Ísland standa jafnfætis Danmörku og hafði gert um alllangt skeið. Þessi samanburður hvílir á tölum um þjóðartekjur og mannfjölda, en hann segir ekki alla söguna. Kaupmannahöfn var um aldamótin 1900 löngu orðin að háreistri heimsborg, en Reykjavík var þá lágrest þyrping og fátækleg, ef frá eru talin fáein glæsileg hús, sem Danir höfðu reist, svo sem Dómkirkjan, Menntaskólinn og Alþingishúsið.

Þjóðarauður Dana – byggingarnar, atvinnutækin, menntun fólksins og fleira – var þá að ætla má margfaldur á við þjóðarauð Íslands miðað við mannfjölda, en um þetta eru engar tölur til. Menn þurfa ekki annað en að líta í kringum sig í Kaupmannahöfn og Reykjavík til að sjá, að þjóðarauður Dana á hvert mansbarn hlýtur enn í dag að vera mun meiri en auður Íslendinga, nema ósýnileg orkan í iðrum Íslands eigi eftir að reynast þeim mun verðmætari.

Auk þess er menntun mannaflans á mun hærra stigi í Danmörku en á Íslandi, sé miðað við skólagöngu, svo sem menntaskýrslur OECD hafa lengi lýst. (Alþjóðabankinn hefur nýlega birt skýrslu, sem sýnir meiri þjóðarauð á mann 2005 á Íslandi en í Danmörku. Mat bankans byggir á framreikningi uppsveiflunnar fram að hrúni og hlýtur að þarfnast endurskoðunar í ljósi hrunsins.)

Ljós og skuggar

Hvernig fórum við að því að ná Dönun? Skoðum björtu hliðina fyrst. Menntun mannaflans tók stakkaskiptum. Almennt læsi frá aldamótunum 1800 reyndist nútímanum vel. Mikil vinnusemi hélzt í hendur við lítið atvinnuleysi flest árin. Margt annað tókst einnig vel, svo sem vélvæðing fiskiskipafloftans, útfærsla landhelginnar úr þrem mílum 1901 í 200 mílur 1976 og virkjun fallvatna og jarðvarma í áföngum eftir 1940. Allt þetta glæddi hagvöxtinn og bætti lífskjörin. Skuggahliðin á málinu er sú, að stjórnvöld fengust ekki til að uppræta ýmislega landlæga óhagkvæmni (fákeppni, innflutningshöft, spillingu). Til að breiða yfir óhagkvæmnina var gömlu bragði beitt. Landsmenn gengu á eignir sínar og söfnuðu skuldum til að hífa upp tekjurnar. Til dæmis jukust skuldir þjóðarbúsins svo á kreppuárunum, að Bretar töldu Ísland vera á heljarþróm 1938-39. „Blessað stríðið“ bjargaði Íslandi fyrir horn.

Til að veða upp óhagræðið af

völdum hagstjórnarfarsins gengu menn á fiskstofnana, söfnuðu skuldum erlendis og vanræktu landið. Fyrstu atriðin tvö skiptu miklu á efnahagsvísu, ofveiðin og skuldasöfnunin, sem stafaði öðrum þræði af rýrnun innlands sparnaðar af völdum verðbólgunnar. Þörfin fyrir að virkja erlent sparifé til framkvæmda varð meiri en ella, úr því að Íslendingar fengust ekki sjálfir til að spara. Mikil verðbólga er alls staðar og ævinlega til marks um vonda hagstjórn og veika innviði.

Hugmyndin um efnahagslegt jafnræði Íslendinga og Dana var

að hún skilji nauðsyn þess eða þori að takast á við óhagkvæmt búskaparlag frá fyrri tíð – með einni undantekningu, hálfvolgri umsókn um inngöngu Íslands í Evrópusambandið. Stjórnin virðist hvorki hafa þingstyrk né þrek til að standa við og ljúka eigin neyðaráætlun með stuðningi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Norðurlanda. Lamandi gjaldeyrishöft, sem hefðu að réttu lagi átt að leggjast af nú í haust, munu þurfa að vera áfram við lýði í eitt til tvö ár enn að minnsta kosti, því að án þeirra myndi gengi krónunnar falla að nýju. Peningastjórnin er



Skuggahliðin á málinu er sú, að stjórnvöld fengust ekki til að uppræta ýmislega landlæga óhagkvæmni (fákeppni, innflutningshöft, spillingu).

í reyndinni röng, þar eð hún var reist á samanburði landsframleiðslu á mann í löndunum tveim án nauðsynlegs tillits til breytinga á eignum og skuldum þjóðarbúsins til langs tíma lítið. Hrunið 2008 átti sér langan aðdraganda.

Framtíðin

Nú standa Íslendingar aftur langt að baki Dönun í kaupmætti þjóðartekna á mann, og hafa erlendar lánastofnanir þó þurft að afskrifa erlendar einkaskuldir að andvirði um fimmfaldrar landsframleiðslu Íslands auk mikilla afskrifta innlendra skulda. Ríkisstjórnin sýnir fá merki þess,

óbreytt frá því fyrir hrun og átti þó talsverðan þátt í hruninu. Þar bólar hvergi á nýrri hugsun.

Gömlu leiðirnar eru lokaðar. Nú er ekki lengur hægt að moka upp fiski til að fela veilurnar, því að fiskimiðin eru löngu fullnýtt og meira en það, og ekki heldur hægt að slá lán í útlöndum, því að enginn vill lána Íslendingum fé. Orkan er eftir. Hætt er við, að lítið verði á landvernd sem lúxus og hún verði látin sitja á hakanum líkt og víða í Afríku. Íslendingar þurfa að hugsa sinn gang og líta til Norðmanna, sem hafa nýtt sínar orkulindir án landspjalla, og uppræta gömlu óhagkvæmnina.

AF NETINU

Hverjir borga fyrir ókeypis bílastæði?

Í Reykjavík er mikill fjöldi ókeypis bílastæða, en talið er að hver bíll í Reykjavík eigi í raun 3 stæði; við heimilið, við vinnustaðinn og við verslun. Aðeins örfá stæði í borginni eru gjaldskyld, og þau eru nær öll í miðborginni. Gjaldið fyrir að leggja í miðborg Reykjavíkur er miklu lægra en borgunum í kringum okkur. Raunar hef ég skoðað mér til gamans hvað bílastæði kosta í þeim borgum sem ég hef heimsótt á undanförmum árum, og held að bílastæði séu hvergi jafn ódýr og í Reykjavík.

gislimarteinn.is

Gísli Marteinn Baldursson

Hundahreinsunin hafin?

Auðvitað varð Hjörleifur Kvaran að vika sem forstjóri Orkuveitunnar. Annað hefði verið blaut tuska framan í þá sem borgað hafa starfsemi þessa furðulega brúðfyrirtækis síðustu árin. Það er að segja almennra Reykviklinga.

Það getur vel verið rétt, sem sumir hafa bent á, að fyrstu - og kannski helstu - stoðunum undir ruglið hjá OR hafi verið skotið af Guðmundi Þóroddssyni fyrirrennara Hjörleifs. Á þeim tímum þegar Alfreð Þorsteinsson var ríkjandi húsdraugur hjá fyrirtækinu.

En það dagar bara ekki Hjörleifi til afbótunar.

Hann hélt óhikað áfram á sömu braut, og bar ekki við að hreinsa út úr pólitískum skúmaskotum fyrirtækisins.

dv.is/blogg/tresmidja

Illugi Jökullsson

Getum við aðstoðað?

Í Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka starfar öflugur og reynslumikill hópur sérfræðinga sem veitir viðskiptavinum faglega þjónustu varðandi sparnað í sjóðum, verðbréfavíðskipti og lífeyrissparnað.

Hringdu í síma 444 7000 eða komdu við hjá okkur í Borgartúni 19. Við tökum vel á móti þér.

Starfsfólk Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu Arion banka.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



198
KR. 500ml



139
KR. 500ml



198
KR. 500ml

139
KR. 500ml

DRYKKIR FYRIR MARAÐONHLAUPARA



498
KR. KG

BÓNUS FERSKIR KRYDDAÐIR KJÚKLINGALEGGIR



1598
KR. KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR



1398
KR. KG

KRAFT FROSNAR KJÚKLINGABRINGUR



198
KR. 1000g

BÓNUS KORNBRAUÐ
HEILT KÍLÓ 26 SNEIÐAR



598
KR. KG

BÓNUS FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



998
KR. 1 KG

BÓNUS FERSKT LAGSAGNA 1 KG



198
KR. 770g

MYLLU SAMLOKUBRAUÐ 770G



198
KR. 4 STK

BÓNUS NÝBAKAÐAR
KRINGLUR 4 STK

ALLT FYRIR
BERJASULTUNA



98
KR. STK

SULTUKRUKKUR
290ml



998
KR. 1 KG

N.F. GRÆNMETISBUFF 1 KG



698
4 x 1.5 ltr



198
KR. 4 STK

BÓNUS NÝBAKAÐIR
KORNKUBBAR 4 STK



25%
AFSLÁTTUR

OS GOUDA OSTUR 972 KR.KG
MERKT VERÐ 1296 KR.KG



359
KR. PK

SULTUSYKUR MED
SULTUHLEYPÍ 1 KG



298
KR. STK

GILLETTE
RAKFROÐA 250 ML



1998
KR. PK

ARIEL ÞVOTTAEFNI 50 SKAMMTAR
AÐEINS 40 KR PR. ÞVOTT.



198
KR. PK

PAMPERS SIMPLY CLEAN
72 STK

NÝTT
KORTATÍMABIL

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veititengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS B



Klárlega ódýrasti valkosturinn
í verslunum Bónus

**NÝTT
KORTATÍMABIL**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veitufengda
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklöbbur

Orsakir og afleiðingar bankahrunsins

Grein 1

Landið tekur að rísa!

Þjóðmál

Steingrímur J. Sigfússon
fjármálaráðgjafi

Á annasömum tímum hættir á flestum fleirum en höfundur til að dragast niður í úrlausnarefnin, lokast inni við hið hversdagslega amstur daganna. Vill þá farast fyrir að lögd séu niður ambodin og gengið á sjónarhól mannlífs og atburða, skyggst um og horft jafnt um öxl sem fram á veginn. Hér verður á eftir og í nokkrum tengdum blaðagreinum gerð tilraun til að bæta þar úr hvað undirritaðan varðar. Nokkuð er undan því kvartað og með réttu að ýmsu leyti að skortur sé á forystu og framtíðarsýn í þjóðmálum um þessar mundir. Margt veldur. Ofurþungi þeirra atburða sem skekið hafa íslenskt samfélag sl. misseri hefur gert hvoru tveggja í senn, að lesta stjórnvöld, stjórn málin og velflesta burðarviði samfélagsins með ærnum og erfiðum verkefnum og hitt að öll erum við enn að glíma við eftirköst óskapanna, erum óviss um hvernig úr spilast og ráðvillt á köflum. Er þetta skiljanlegt í ljósi þess hversu áfallið varð mikið við hrun bankakerfisins og það tjón sem af því hlaust bæði fjárhagslegt, félagslegt og andlegt eða sálrænt. Viðskipta lífið, stjórn málin, fjölmiðlarnir, eftirlitskerfið, allt þetta og margt fleira brást. Almennigur upplifir sig illa svikinn og því miður með réttu. Það sem á ekki að gerast og má ekki gerast, gerðist.

Orsakir bankahrunsins

Um orsakir hrunsins sem hér varð haustið 2008 hefur margt verið rætt og ritað. Þar er auðvitað skýrsla rannsóknarnefndar Alþingis grundvallargagn. Skýrslan leiðir í ljós mikla veikleika sem stjórn málin, stjórnsýsla og eftirlitsaðilar verða að taka háalvarlega og einsetja sér að bæta úr. Hegðun bankaforkólfa og viðskiptajörfa er kapítuli út af fyrir sig, en það er of einfalt og ódýrt að velta allri ábyrðinni þangað. Vandinn er djúpstæðari og á ekki síður rætur sínar að rekja til hugmyndafræðilegra þátta en einstaklinga sem brugðust.

Hugmyndafræði nýfrjálslyggjunnar náði með lúmskum hætti að hreiðra um sig í íslenskum stjórn málum og setja viðmið í opinberri umræðu. Er það einkum þrennt sem veldur því að sú skýring á við þegar litid er til orsaka bankahrunsins. Í fyrsta lagi sá áróður að einkaaðilar gerðu yfirleitt allt betur en ríkið og því væri þeim best treystandi fyrir flestum hlutum. Í öðru lagi að til væri einhver ósýnileg hönd sem stýrði markaðsgangvirkinu og það sæi um að leiðrétta sig sjálf. Og í þriðja lagi að sökum þessarar sjálfgefnu innbyggðu skynsemi markaðarins þyrfti ekki að hafa eftirlit með honum eða að slíkt ætti að a.m.k. að vera í algjöru lágmarki. Allar þessar þrjár forsendur höfum við nú séð að eru rangar. Til viðbótar þessu var samfélagið græðgisvætt enda er það í samræmi við hugmyndafræðina að af öllu megi hirða gróða hvort sem það eru hjartapræðingar, heitt vatn eða mandarinur. Og loks vantaði ekki upp á yfirdrifið sjálfs-traustið hjá íslenskum stjórn mála-

og viðskiptamönnum. Ungæðislegur hroki, blind trú á eigin snilli í viðskiptum, óþroskuð siðferðisvitund og alger skortur á heilbrigðri sjálfsgagnrýni bættu ekki ástandið.

Sofið á verðinum

Á sinn hátt má segja að gagnrýnin hugsun hafi beðið ósigur, ekki aðeins í viðskiptum, heldur einnig í fjölmiðlun, stjórnsýslu og almennri þjóðmálaumræðu. Þegar skuldaförningur þjóðarþúsins komst á hættulegt stig (hreinar erlendar skuldir Íslands fóru yfir 100% af VLF fljótlega eftir aldamótin 2000), urðu sorglega fáir til að vara við þeirri staðreynd og enn færri tóku undir. Þegar viðskiptahalli fór í 26% af VLF árið 2006 töluðu menn um góðari sem aldrei fyrr. Samt þarf ekki mikla þekkingu til að átta sig á veikleikum þegar slíkir mælar slá yfir í rautt. Ekki er úr vegi að spyrja hvað orsakaði andvaraleysið? Aldrei fyrr voru jafn margir starfsmenn í fjármálaþjónustu og öðrum viðskiptum, margir hverjir á ofurlaunum og aldrei fyrr höfðu jafnmargir sótt sér menntun á sviði viðskipta. Þetta tvennt dugði þó greinilega ekki þegar kom að upplýstri og gagnrýnni orðræðu eða því að kunna fótum sínum forráð.

Munurinn á umræðunni þá og nú er hins vegar sláandi. Nú er ekki lengur deilt um að stórfelld hagstjórnarmistök voru gerð á árunum upp úr aldamótum og einkum þó frá og með kosningum 2003. Litlu betra er þó andvara- og aðgerðaleysið sem rannsóknarnefndin dregur skýrt fram. Loks tók ráðleysi í bland við afneitun við og fáir kost-

ir eftir í stöðunni þegar árið 2008 gekk í garð.

Ofvaxið bankakerfi

Það er erfitt en hollt að rifja upp hversu umfangsmikið hrúnið á Íslandi varð, sett í sambengi við stærð hagkerfisins. Beinar afleiðingar bankahrunsins á afkomu ríkisins voru geigvænlegar. Bókfærður halli samkvæmt rekstrarreikningi varð 216 milljarðar 2008 í stað 89 milljarða afgangss 2007, sem sagt rúmlega 200 milljarða sveifla. Tap erlendra aðila vegna þess sem hér gerðist liggur ekki endanlega fyrir en verður líklegast ekki undir tölunni 7.000 milljarðar. Svo háa tölu er erfitt að skilja í landi með um 1.500 milljarða landsframleiðslu eða þegar talað er um að góður túr á frystitögara gefi 100 milljónir í aflaverðmæti og þegar heildarútgjöld til heilbrigðismála eru um 100 milljarðar. Enda hefur því verið fleygt fram að hrún íslensku bankanna þriggja séu sjötta, níunda og tíunda stærsta gjaldþrot heimansins. Það hlýtur að teljast einstakt og heimssögulegt hjá svo smáu hagkerfi.

Áhrif hrunsins á ríkissjóð

Hjá ríkinu liggja stærstu tölurnar í töpuðum kröfum (gjaldþrot Seðlabankans), en 192 milljarðar voru bókfærðir 2008 vegna þess. Kostnaður við endurfjármögnun banka og sparissjóða nálgast 200 milljarða auk þess sem hefur verið veitt í víkjandi lánunum, en vissulega stendur þar eign á móti. Fjármagnskostnaður ríkisins hefur stórkostur (úr 22,2 milljörðum 2007 í 84 milljarða 2009) og loks er það beinn hallarekstur ríkissjóðs vegna tekjubrests og aukinna útgjalda. Þetta eru auðvitað að hluta til tengdar stærðir en skýrist allt best

í þróun skulda og eignastöðu ríkisins. Heildarskuldir ríkisins í árslok 2007 voru 560,5 milljarðar króna eða 43,1% af vergri landsframleiðslu (VLF). Þær fóru í 1,198,5 milljarða árið 2008 eða 81,1% af VLF, fóru svo í 1,566,4 milljarða í árslok 2009 eða 104,4% af VLF og stóðu í svipaðri tölu í lok 1. ársfjórðungs þessa árs eða 1,535,5 milljörðum (99,3% af VLF). Allt á verðlagi og í hlutfalli við landsframleiðslu hvers ár. Á mannamáli þýðir þetta að við hrúnið stórhækkuðu skuldir og útgjöld ríkissjóðs á meðan tekjurnar gáfu allverulega eftir. Bilið milli tekna og útgjalda ríkisins varð risastórt.

Hreinar peningalegar eignir ríkissjóðs þróuðust með eftirfarandi hætti á sama tíma: Árið 2007 voru þær jákvæðar um 22,2 milljarða eða 1,7% af VLF. Árið 2008 var staðan orðin neikvæð um 238,5 milljarða, sem sagt -16,1% af VLF, og -516,8 í lok 1. ársfjórðungs þessa árs (-33,4% af VLF).

Tap og vonbrigði

Ótalinn er eignabruninn, tjónið sem varð á raunverulegum verðmætum. Óhemju mikið hlutfé varð verðlaust, eignir stórlækkuðu í verði, eftir sat lemstrað og kafskuldsett atvinnulíf, skuldir heimila sem voru miklar fyrir urðu ill- eða óviðráðanlegar fyrir þúsundir fjölskyldna. Aðgangur að erlendu fjármagni nánast lokaðist, lánshæfismat og lánskjör versnuðu þ.e. ef einhver lán bjóðast, viðskipti urðu á ýmsan hátt dýrari og erfiðari (aukna tryggingar fyrir greiðslum eða staðgreiðsla). Traust hrundi til grunna og sársauki, vonbrigði og reiði breiddust og brutust út í samfélaginu. Sem sagt, það varð margvislegt og stórfelld mælanlegt og ekki síður ómælanlegt tjón.

Stökktu til Costa del Sol

28. ágúst

**10 náttu ferð - ótrúlegt verð!**

Heimsferðir bjóða frábær tilboð á allra síðustu sætunum í ágúst til eins allra vinsælasta sólaráfangastaðar Íslendinga, Costa del Sol. Gríptu þetta einstaka tækifæri til þess að komast í sólina!

Frá kr. **64.900** í 10 nætur

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi/stúdíó/íbúð. Verð m.v. 2 í herbergi/stúdíó kr. 69.900. **Stökktu tilboð 28. ágúst í 10 nætur.**

Frá kr. **77.900** í 10 nætur með hálfu fæði

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi/stúdíó/íbúð með hálfu fæði. Verð m.v. 2 fullorðna og 1 barn kr. 82.900. Verð m.v. 2 í herbergi/stúdíó með hálfu fæði kr. 91.900. **Stökktu tilboð 28. ágúst í 10 nætur.**

Frá kr. **94.900** í 10 nætur með "öllu inniföldu"

Netverð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára í herbergi/stúdíó/íbúð með "öllu inniföldu". Verð m.v. 2 í herbergi/stúdíó með "öllu inniföldu" kr. 109.900. **Stökktu tilboð 28. ágúst í 10 nætur.**

**Gríptu tækifærið
- Bókaðu strax!**

Ath. takmarkaður fjöldi sæta og gistingar í boði - verð getur hækkað án fyrirvara!



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



„Lebensraum“ og Úkraína

Evrópumál

Haukur
Hauksson

magister í alþjóðmálum og fararstjóri



Það er alger fásinna að Rússar hlunn með að ráðast með her inn í Úkraínu í Appelsínugulu byltingunni svonefndu og að ESB hafi bjargað landinu frá vondu köllunum; minna ber á að Úkraína er hvorki í ESB né NATO. Þetta kom fram í grein Andrésar Péturssonar hjá Evrópusamtökunum í Fréttablaðinu í fyrradag. Svona málflutningur er ESB sennu ekki til framdráttar, en hér er Rússagrýlan gamla góða vakin upp svo um munar. Þetta er í meira lagi ábyrgðarlaus málflutningur í stíl gamalla úreltra tíma og hæfir ekki upplýstum aðilum, áhugavert er hvaða heimildir liggja að baki.

Appelsínugula byltingin í Úkraínu (sem gekk þar yfir haust og vetur 2004) var landsmönnum

hins vegar engan veginn til góðs, lífkjör almennings hröpuðu og eru nú mun verri en hjá Rússum almennt. Um var að ræða frábærlega vel skipulagða maskínu sem gekk út á fyrirfram skrifaða dagskrá: mannlutninga á réttum stöðum, á réttum tímum, útifundi, mótmælaspjöld, tjöld, hátalarakerfi, gistingu, kost, drykkjarföng og fleira og fleira - fyrir þúsundir manna, sem að mestu voru fluttar til Kænugarðs frá vesturhéruðunum. Í Kiev er rússneska tölud 99 prósent en þjóðernissinnar eru afar sterkir í Vestur-Úkraínu. En þetta er allt önnur saga...

Þýska orðið Lebensraum þýðir mun betur sem „lífsrými“ heldur en „landsvæði“ eins og Andrés þýðir það. Adolf Hitler átti vissulega við „lífsrými“ fyrir Germani í frjósömum sveitum Austur-Evrópu. Orðið fann foringinn sjálfur upp þegar hann sat inni og skrifaði Mein Kampf, löngu áður en flokkur hans NSDAP náði völdum á lýðræðislegan máta í kosningum í janúar 1933.

Margt má gott um ESB segja en varast ber svona fullyrðingar og hleypidóma.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.





Ný rekstrartækifæri í Egilshöll

Kynningarfundur miðvikudaginn 25. ágúst kl. 14.00.

Reginn ehf. býður til kynningarfundar um Egilshöll, viðskiptatækifæri í henni og útboðsferlið, miðvikudaginn 25. ágúst. Kynningin verður haldin í Egilshöll og hefst við anddyri hennar kl. 14.00.

Brátt lýkur framkvæmdum við kvikmyndahús Sambíóanna í Egilshöll. Nú þegar er ýmiskonar starfsemi í höllinni, s.s. spark- og tennisvellir, skautasvell, íþróttasalir, Heilsuakademían og skrifstofur. Í höllina koma daglega um 1.360 gestir. Í nóvember opnar kvikmyndahúsið og áætlað er að um 1.000 bíogestir sækji bíóið á degi hverjum. Má því reikna með um 2.400 gestum daglega, miðað við þá starfsemi sem þá verður í húsinu.

Enn eru um 6.000 m² til ráðstöfunar undir þjónustu, verslun og afþreyingu og Egilshöll býður upp á mikla möguleika. Margar stærðir af leiguhúsnæði eru í boði, jafnt innan dyra sem utan.

Valkostir sem standa rekstraraðilum til boða:

- Leiga á aðstöðu í sérrýmum.
- Leiga á aðstöðu á sameiginlegum svæðum.
- Aðstaða án útleigurýmis, s.s. sala á einstökum viðburðum.

Á fundinum gefst áhugasömum tækifæri til kynna sér aðstæður og útboðsferlið nánar.

Nánari upplýsingar: www.reginnehf.is.

 **Reginn**

Borgartúni 25 Sími 512 8900 www.reginnehf.is

VSÓ RÁÐGJÖF

Borgartúni 20 Sími 585 9000 www.vso.is

BILL CLINTON FYRRVERANDI BANDARÍKJAFORSETI ER 64 ÁRA

„Ég kunni því óskaplega vel að vera forseti og mun virkilega sakna starfsins. Ég er ekki viss um að nokkur í þessu embætti hafi haft á því jafn miklar mætur eða þótt eins gaman og mér.“

Bandaríski lögfræðingurinn William Jefferson Clinton var kjörinn 42. forseti Bandaríkjanna 1993 og gegndi embættinu til 2001.


PETTA GERÐIST: 19. ÁGÚST 1871

Hið íslenska Þjóðvinafélag stofnað

Alþingismenn stofnuðu Hið íslenska Þjóðvinafélag fyrir 139 árum, en markmið þess var að halda uppi réttindum Íslendinga, efla samheldni og stuðla að framförum lands og þjóðar á sem flestum sviðum. Fyrsti forseti félagsins var Jón Sigurðsson, en alls hafa fimmtán menn gegnt embætti forseta félagsins frá upphafi.

Með tímanum varð útgáfa meginviðfangsefni félagsins sem hóf að gefa út tímaritið Andvara árið 1874, en það hefur komið út árlega síðan, ef frá eru talin árin 1878 og 1892. Árið 1875 gaf svo félagið fyrst út Almanak Hins íslenska Þjóðvinafélags sem naut strax mikilla vinsælda og hefur komið út á ári hverju síðan. Almanakið var sett saman af Íslandsalmanaki háskólans í Kaupmannahöfn og ýmsu öðru efni til gagns og fróðleiks fyrir alþjóðu manna. Frá 1923 færðist útgáfa og útreikningar almanaksins til Íslands og hefur verið svo síðan, en dr. Þorsteinn Sæmundsson stjórnufræðingur hefur séð um útreikninga almanaksins frá 1964.

Heimild: thjodvinafelagid.is

ANDVARI



ANDVARI FRÁ ÁRINU 2006

MERKISATBURÐIR

- 1959 Morgunblaðið birtir fyrstu símsendu fréttamyndirnar frá landsleik Dana og Íslendinga deginum áður.
- 1963 Sæsimi sem tengir Ísland við Nýfundnaland tekinn í notkun.
- 1964 Bítlamyndin A Hard Days Night frumsýnd í Tónabíói og slær öll sýningarmet.
- 1993 Íslenskir togarar hefja veiðar utan 200 mílna í Smugunni í Barentshafi.
- 1993 Shimon Peres utanríkisráðherra Ísraels kemur í opinbera heimsókn til Íslands.
- 1993 Leikararnir Kim Basinger og Alec Baldwin ganga í hjónaband.

tímamót

timamot@frettabladid.is



85 ára afmæli

Rakei Guðbjörg Magnúsdóttir

frá Dal við Múlaveg (Laugardal, Reykjavík) er 85 ára í dag (fæddist 19. ágúst 1925).

Rakei mun fagna tímamótunum um helgina, ásamt sínum nánustu, en afkomendur hennar eru orðnir 80.

Hún vann við matreiðslu, saumaskap, saumaði m.a. nokkra „Presley galla“ og hún síðari ár hefur hún stýtt sér stundir við að mála landslagsmyndir og saumað fót á yngstu afkomendur sína.



Faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og fyrrverandi eiginmaður,

Eiríkur Ólafsson

fyrirverandi skipstjóri,

lést laugardaginn 14. ágúst. Jarðarförin mun fara fram í kyrrþey.

Elvar J. Eiríksson
Sigríður R. Eiríksdóttir
Halldóra Eiríksdóttir
Hafðís Jóhannesdóttir
barnabörn og langafabörn.

Birgit Eriksen
Þór Sigfússon



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát okkar ástkæru móður, tengdamóður og ömmu

Rósu Bjargar Karlsdóttir

Vesturgötu 69, Reykjavík.

Ragnar Hjartarson
Karl Ásbjörn Hjartarson
Daniel Andri Karlsson
Telma Rós Karlsdóttir

Elisabet S. Valdimarsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og vinur,

Addý Jóna Guðjónsdóttir

frá Vestmannaeyjum, Lækjasmára 6 Kópavogi,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 12. ágúst. Jarðsett verður frá Landakirkju í Vestmannaeyjum laugardaginn 28. ágúst kl. 12.

Marta Guðjóns
Sigríð Gerður Hallgrímsdóttir
Sæþór Árni Hallgrímsson
Berglind Halla Hallgrímsdóttir
Jón Hermannsson
barnabörn og barnabarnabörn.

Jónas Þór Hreinsson
Ingibjörg Guðjónsdóttir



TEFLI VIÐ TJÖRNINA Hér tekur Vigfús Óðinn Vigfússon, formaður Skákkfélagsins Hellis, eina skák við húsvörð Ráðhússins í Reykjavík, en þar fer Borgarskáknotið fram í dag ofan í gryfjunni þar sem stóra Íslandslíkanið vikur fyrir taflborðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

BORGARSKÁKMÓTIÐ: HEFST Í RÁÐHÚSI REYKJAVÍKUR Í 25. SINN Í DAG

Rólelegheita skák er bardagi

„Það var Skáksamband Íslands sem fyrst stóð að Borgarskáknotinu í til efni 200 ára afmælis Reykjavíkurborgar 1986, en síðastliðin fimmtán ár hafa Taflfélag Reykjavíkur og Taflfélagið Hellir haldið mótið í samstarfi,“ segir Vigfús Óðinn Vigfússon, formaður Skákkfélagsins Hellis, um mótið sem sett verður í 25. sinn í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag klukkan 16, en mótið setur borgarstjórinn Jón Gnarr.

Þetta rötgróna skákmót var upphaflega haldið undir berum himni í Lækjargötunni. „Það fyrirkomulag gekk ágætlega fyrstu árin, eða þar til menn fóru að hreppa vonskuveður. Þá fengu þeir þá snjöllu hugmynd að færa mótið inn í Ráðhúsið, sem var gæfuspör,“ segir Vigfús. Hann bætir við að þátttakendur séu allt að 90 talsins, á aldrinum 7 til 80 ára.

„Borgarskáknotið er firnasterkt hraðskáknot og það opna skákmót sem flestir mæta á. Jafnan mæta til leiks

margir af sterkustu skákmönnum þjóðarinnar og athyglisvert að allir sem sigræð hafa mótið eru nú ýmist stórmeistarar eða alþjóðlegir meistarar.“

Að sögn Vigfúsar hefur skákin verið á uppleið undanfarið, en það helst í hendur við slæmt efnahagsástand.

„Mörg börn og unglingar eru nú farin að tefla, en þau byrja oftast í skólanum og færa sig yfir í félög in þegar áhuginn vex. Töfrar þessarar hugarþróttar felast í glímunni við andstæðinginn, en það geta allir lært að tefla. Það eina sem virkilega þarf er áhugi og ástundun, sem og hæfileiki til að reiknað fram í tímann og sjá fyrir næstu leiki andstæðingsins. Þá er gott minni nauðsynlegt veganesti, en skák getur hjálpað börnum að hugsa rökrétt í skóla og hafa foreldrar vottað að allt komi þetta á sama tíma; skólinn fari upp á við þegar skákin fari upp á við, en að tefla þjálfar bæði huga og einbeitingu,“ segir Vigfús sem kallar eftir

fleiri konum að skákbörðinu.

„Skákmenn eru fjölbreyttur hópur en það vantar að konur taki meiri þátt. En jafnvel þótt menn sitji rólegir við taflborðið er skákin að sumu leyti bardagi og þar hugsa stelpur og strákar ekki eins. Það sér maður vel í yngstu flokkunum þegar strákar grípa fljótt út á hvað skákin gengur, að drepa kallana hjá hinum og máta, meðan stelpurnar leika sér meira með kallana fram og til baka og skeyta litlu um að drepa drottningu, riddara og kóng hjá andstæðing sínum.“

Tölvur draga saman andstæðinga á Borgarskáknotinu, sem þýðir að börn og fullorðnir lendi saman sem andstæðingar. „Það þykir mörgum ánægjulegt, en þegar fullorðnir tapa fyrir börnum verður það ekki eins gott. Því getur bæði orðið áfangi fyrir barn að vinna fullorðinn andstæðing, en einnig dýrmæt lexía fyrir fullorðinn skákmann að tapa fyrir barni.“ thordis@frettabladid.is



Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,

Sigríður Pálsdóttir,

áður til heimilis að Boðahleini 24 í Garðabæ,

lést mánudaginn 16. ágúst í Hrafnistu, Hafnarfirði. Útför hennar fer fram mánudaginn 30. ágúst kl. 15 frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði.

Guðjón Tómasson og Þuríður Hanna Gísladóttir
Valdimar Tómasson og Guðrún Júlíusdóttir
Guðrún Sólberg Tómasdóttir og Sigurður Sumarliðason
Sigrún Laufey Baldvinsdóttir.



Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vinsemd við andlát og útför föður okkar, tengdafaður, afi og langafa,

Þórs Jakobssonar

Framnesvegi 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk Landspítalans við Hringbraut.

Ásta Þórsdóttir
Guðný Þórsdóttir
Þóra Margrét Þórsdóttir
barnabörn og langafabörn.

Knútur Benediktsson
Tryggvi Már Valdimarsson
Jón Eiríkur Rafnsson

KONUKVÖLD Smáralindar og Á allra vörum verður haldið í Smáralind í kvöld. Dagskráin hefst klukkan 19.00 og meðal þess sem verður í boði er glæsileg tískusýning á göngugötunni.



ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Dömskór í miklu úrvali

stærðir 35 - 44

www.gabor.is

Sérverslun með

Gabor



FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16



Eirberg



Hlaupasokkar

- Minnka verki og þyngsl í kálfum
- Minni hætta á blöðrumyndun
- Draga úr bjúgsöfnun



www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25

VERÐ- HRUN

**60-80% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM**

Kjólar, peysur, buxur, bolir, yfirhafnir og jakkar
í úrvali. St. 36-52

hjá Hrafnhildi

Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is



Jón Torfi Arason lumaði eitt sinn á leðurflík í fataskápnunum sínum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sér ekkert eftir leðrinu

Jón Torfi Arason leikur á trompet og gítar í hljómsveitinni Varsjárbandalaginu. Þess utan grufnar hann innan um rykfaltnar skruddur á Þjóðskjalasafninu og reynir að vera snyrtilegur til fara.

„Í dag er ég borgaralega klæddur í skjalasafns-tveedjakkanum mínum. Hann keypti ég þegar ég var í sagnfræðinni, þótti ekki annað hægt en að vera í viðeigandi klæðnaði en jakkinn er með leðurbótum á olnbogunum,“ segir Jón Torfi Arason, hljóðfæraleikari í Varsjárbandalaginu, þegar Fréttablaðið vill fá að vita í hverju hann sé þennan daginn.

Á höfðinu ber hann forláta húfu sem hann gaf sjálfum sér í útskriftargjöf. „Húfuna gaf ég mér þegar ég fékk pungaprófið sem ég er gríðarlega stoltur af. Ég set hana upp þegar mikið liggur við, til dæmis

þegar ég stíg á svið með Varsjárbandalaginu, hún er eins og hálf-gert öryggisteppi.“

Jón Torfi mun einmitt þjófstarta menningarnótt á tónleikum með Varsjárbandalaginu annað kvöld á Rosenberg. Þar segist hann að sjálfsgöðu verða með húfuna góðu á hausnum og hafi hugsað sér hvítan jakka og gylltan trefil við. Hann segir jafnframt klæðaburð mikið atriði allra hljómsveitarmeðlima.

„Hljómsveitin er alltaf vel klædd og yfirleitt í búningum. Við spilum austur-evrópska tónlist svo þarna er að finna gyðing með lopagrifflur og austantjalds hershöfðingja.

Harmonikkuleikarinn okkar, Sígga Ásta eða Tatjana Laungova eins og hún er kölluð, er alltaf gríðarlega vel til höfð og í raun tilhlökkunar-efni fyrir áhorfendur að fá að sjá í hverju hún verður annað kvöld.“

Þrátt fyrir búningastand hljómsveitarinnar segist Jón Torfi ekki hugsa mikið um fót yfirleitt, reyni bara að vera snyrtilegur til fara. Það kemur því skemmtilega á óvart hverju hann lumaði eitt sinn á í fataskápnunum sínum.

„Ég átti einu sinni bláar leður-buxur með rauðri og hvítri sport-rönd. Þær eru týndar og ég sé ekkert eftir þeim.“ heida@frettabladid.is

SUMAR ÚTSALA

Gerioð gæða- og verðsamanburð

6 mánaða
vaxtalaugar
greiðslur

Svefn & heilsa



www.svefn.is

**20-50%
AFSLÁTTUR**

Lök, hlífðardýnur, sængurverasett, heilsukoddar, viðhaldskoddar, íslenskir PU leðurgafnar, náttborð, útlitsgallaðar dýnur og fleira.

Ný sending


SAGA OG ÞÓR
Hágæða heilsudýnur



SAGA Queen rúm, nú aðeins **129.900**
ÞÓR Queen rúm, nú aðeins **149.900**

IQ-CARE

Ein besta heilsudýna í heimi



Queen rúm nú aðeins kr. **179.900**

VALHÖLL/FREYJA

Góð rúm á frábæru verði



Queen rúm, nú aðeins kr. **99.900**

TÍSKA

20% AFSLÁTTUR er af öllum ungbarnafötum frá Noppies í versluninni Tvö líf fram að jólum. Útsala stendur nú yfir í versluninni og mikið úrval af barnafötum og meðgöngufatnaði.



FLOTT Í SUMAR...
Áratuga reynsla og rannsóknir sýna að Slendertone virkar

Nýtt og enn öflugra

System+
fyrir dömu og herra
kr. 34.995,-

NÝTT

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skólinni 19 • S. 568 1717
www.hreysti.is

Sama verð um land allt - frí heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar

byly depil

SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA

ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir

Veldu gæði og gott verð - Njóttu sumarsins

Útsölastaðir: Apótekin, Fjarðarkaup, verslanir

Útsölnunni lýkur á morgun
20-40% afsláttur

Fyrir bústaðinn og heimilið

Nóra

Opið: má-fö. 12:30 - 18:00,
Dalvegí 16a, Rauðu múrsteinshúsunum Kóp.201
S: 517 7727 www.nora.is og á Facebook.

GS skór 22.990 kr.

GS skór 19.990 kr.

Skór.is 18.995 kr.

Skór.is 29.995 kr.

Á nýjum skóm í skólann

Þegar nýtt skólaár er að hefjast er alltaf gaman að fjárfesta í einhverju nýju fyrir skólann. Hvort sem það er ný skólataska, nýjar bækur, ný yfirhöfn eða nýir skór til að ganga menntaveginum.

Nú þegar skólarnir eru að byrja og haustið er á næsta leiti fer að koma tími á að leggja sumarskónum og taka fram hlýlegra skótau. Það þýðir þó ekki að það sé ekki enn þá hægt að gellast aðeins því mikið er til af fallegum skóm sem ganga vel við pils og kjóla en duga þó vel þegar kaldari vindar fara að blása. Hér má sjá brot af því sem er að finna í verslunum.

emilia@frettabladid.is

Skór.is 19.995 kr.

Kaupfélagið 16.995 kr.

Focus skór 9.990 kr.

Kaupfélagið 16.995 kr.

Kaupfélagið 19.995 kr.

Focus skór 9.990 kr.

Stelpur Konur
Staðurinn - Ræktin

RopeYoga
Innritun hafin! Sími 581 3730

Haustrámskeið hefst 23. ágúst

Heildrænt hug- og heilsuræktarkerfi. Sérstök áhersla lögð á miðjuna – kvið og bak. Hentar öllum aldurshópum og líkamsgerðum. Þú finnur strax árangur eftir fyrstu æfinguna án þess að reyna of mikið á þig.

Lokuð 6 vikna námskeið 2x í viku í 60 mínútur:

- Þriðjudaga og fimmtudaga kl 6:15 **FULLBÓKAD**, 10:30 og 12:00 **ÖRFÁ PLASS**
- Mánudaga og miðvikudaga kl 16:30 **FULLBÓKAD**

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal. **Verð kr. 13.900.**

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmála 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

Unnið úr roði og ull

Volcano-Iceland tekur þátt í hönnunarkeppni á Iceland Fashion-week í haust.

Steinunn Ketilsdóttir verður meðal þátttakenda í Martini-hönnunarkeppni sem fer fram á Iceland Fashionweek 2. september næstkomandi en hún stendur á bak við merkið Volcano-Iceland.

Steinunn mun sýna fatnað unnið úr ull, roði og skinnum en hún opnaði verslun og vinnustofu í Borgartúni 3 nú í sumar þar sem hún vinnur kápur, pils, kjóla, hatta og veski svo eitthvað sé nefnt.

„Ég er virkilega spennt að taka þátt í Martini-hönnunarkeppni í ár og stefni auðvitað á að sigra í henni með fatnaði sem að mestu er unnið úr íslensku hráefni,“ segir Steinunn.

Vörur Volcano-Iceland eru unnar úr íslensku hráefni.

- rat



ALLT HELGIN

Laugardaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henny Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins? Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ

www.visir.is/posthusid - sími 585 8330



ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



Útlagar í tískuheimi

Löngum hefur farið illt orð af tískuheiminum. Ungar stúlkur oft lent milli handanna á misjöfnum pappírurum sem þeim lofa öllu fögru. Kampavín oft flæðandi út í eitt og eiturlyf á allra vörum. En spurningin er hvort tískuheimurinn er eins mannskemmandi og sumir vilja meina og jafnvel lífshættulegur. Í það minnsta hefur alda sjálfsvíga undanfarið misseri vakið nokkra athygli, bæði í hópi fyrirsetna og jafnvel hjá hönnuðum og nægir þar að nefna Alexander McQueen sem dæmi en hann batt enda á líf sitt í febrúar á þessu ári. Rithöfundurinn Ann Scott segir frá því í tímariti hvernig hún hafi upplifað fráfall bæði McQueen og svo kórresku fyrirsetunnar Daul Kim en bæði voru í hennar vinahópi. Að sögn Ann Scott var Daul Kim í senn bæði elskuð og hötuð í heimalandi sínu og gat ekki farið út án þess að verða fyrir móðgunum og jafnvel aðkasti í hvert skipti sem hún skipti um hárlit eða annað þess háttar. Hún vissi því aldrei í hvorn fóttinn hún átti að stíga og gat ekki með nokkru móti skilið hvers vegna henni gekk svo vel í fyrirsetubransanum. Þetta varð að krónískri vanlíðan og vanmáttarkenn sem endaði með ósköpum.

Isabellu Blow er ekki hægt að setja í hóp hinna fyrrnefndu þar sem hún þjáðist af krabba-meini þegar hún stytta sér aldur. Reyndar hafði hún verið þunglynd og gert nokkrar tilraunir

áður og því hægt að spyrja hvort tengsl séu á milli þunglyndis hennar og tískunnar. Þessi ótrúlega litríka manneskja af breskum aðalsættum var um tíma Pygmalion margra ungra hönnuða í Lundúnatískunni. Isabella skrifaði fyrir ekki ómerkara tímarit en Vogue á sama tíma og hin eina sanna Anna Wintour sem minnst hennar fyrir ótrúlega búninga í vinnunni. Isabella Blow átti mikinn þá í að koma Alexander McQueen á framfæri með því að kaupa af honum og koma þannig fatnaði hans í tísku-blöðin. Eftir fráfall hennar átti McQueen erfitt með að ná sér upp úr þunglyndinu en í byrjun febrúar missti hann móður sína og tveimur vikum seinna gafst hann sjálfur upp á lífinu.

Ann Scott segir bæði Daul Kim og Alexander McQueen hafa verið mótsagnir í tískuheiminu, eins konar andhetjur, Kim allt annað en „topp-módel“ og allt sem McQueen gerði líkt og að hrækja framan í tískuiðnaðinn þar sem öllum er sama um alla. Umboðsmönnum er nákvæmlega sama þótt fyrirseturnar séu að niðurlotum komnar og gangi fyrir fæðubótarefnum. Hönnuðunum er oftast sama um allt nema sjálfa sig og ímynd sína. Spurning hvort rithöfundurinn hafi rétt fyrir sér, að utangarðsfólki sé tískuheimurinn beinlínis hættulegur og geri á endanum út af við þetta fólk svo það endi með því að þagga niður í sjálfu sér.

bergb75@free.fr

Hneyksli í Ástralíu

Hin árlega vortískuvika í Melbourne í Ástralíu virðist ætla að verða sú stærsta hingað til.

Sýning David Jones-verslunarkeðjunnar, sem er önnur stærsta deildarskipta verslun Ástralíu, gekk vel en hún fór fram í þarsíðustu viku. Ekki var nema einn dagur liðinn frá því að verslunarkeðjunni var stefnt af fyrrverandi auglýsingastjóra keðjunnar fyrir kynferðislega áreitni eins af fyrrverandi stjórnendum fyrirtækisins.

Einn af hönnuðum verslunarkeðjunnar, Alex Perry, sagði að tískan myndi verða í brennidepli á sýningunni þrátt fyrir ásakanir auglýsingastjórans fyrrverandi. Virðist það hafa tekist. Á sýningunni voru kjólar með þífum, slaufum og doppum áberandi og ljósbrúnir, hvítir og rauðir litir.

Andlit tískuvikunnar í ár er ástralska fyrirsetan Lucy McIntosh sem mun opna og loka sýningunni hönnuða. Tískuvikan stendur frá 30. ágúst til 5. september.

- mmm



NÝJAR HAUST-VÖRUR



20% kynningar-afsláttur

- Skokkar st. 38–50
- Mussur
- Peysur
- Kápur
- Buxur

Ótrúlegt úrval



Laugaveg 54, sími: 552 5201

Svipt titlinum fyrir að lita hárið á sér aftur brúnt

Fimmtán ára fegurðardrottning frá Nýja-Sjálandi litaði hár sitt brúnt og var í kjölfarið svipt krúnunni.

Mál hinnar fimmtán ára Oliviu O'Neil hefur vakið nokkra athygli. Hún var fyrir þremur mánuðum kostin ungrú Teen Wanganui og nýlega lét hún lita hár sitt brúnt og setti mynd af hínu nýja útliti á Facebook. Yfirmaður keppinnar Barbara Osborne brást harkalega við þegar hún sá myndina og skrifaði athugasemdir á síðu unglingsstúlkunnar. „Er þetta hárkolla? Ég vona það, ekki láta mig fá hjarta-áfall,“ skrifaði hún. Þegar stúlkann sannfærði hana um að ekki væri um kollu að ræða sagði frú Osborne að hún yrði að velja milli titilsins og háralitsins.

Niðurstaðan varð sú að Olivia O'Neil var svipt titlinum þar sem hún hefði ekki haldið sama útliti og hún var með þegar hún var kosin.




Olivia O'Neil

Þess má þó geta að brúni liturinn er upprunalegur litur á hári Oliviu.

Stelpur Konur TT námskeið

Staðurinn - Ræktin



Viltu ná kjörþyngd og komast í form? Innritun í fullum gangi! Sími 581 3730

TT námskeiðin okkar sívinsælu, frá toppi til táar, miðast við að veita konum leiðsögn um lífshætti sem skila árangri. Þau byggjast á áralangri reynslu og fela í sér leiðbeiningar um mataræði, líkamsbeitingu, fundi, vigtnun og mælingar.

TT námskeiðin standa yfir í sex vikur. Þrjá tíma í viku er stunduð markviss líkamsrækt sem eflir þol og styrk og tekur mið af einstaklingsbundinni getu. Vigtað er í hverjum tíma og mælingar gerðar þrisvar á tímabilinu. Fundur er haldinn einu sinni í viku. Við veitum persónulega þjónustu í notalegu umhverfi þar sem algjör trúnaður ríkir.

TT tímar í boði:				
6:15	A	mánu-, miðviku- og föstudagar	FULLBÓKAD	
7:20	C	mánu-, miðviku- og föstudagar	ÖRFÁ PLÁSS	
10:15	D	mánu-, miðviku- og föstudagar	ÖRFÁ PLÁSS	Barnapössun
12:05	F	mánu-, miðviku- og föstudagar	ÖRFÁ PLÁSS	Barnapössun
14:20	G	mánu-, miðviku- og föstudagar	ÖRFÁ PLÁSS	
16:40	H	mánu-, miðviku- og föstudagar	FULLBÓKAD	Barnapössun
17:40	I	mánu- og þriðjud, fimmtud 18:25	FULLBÓKAD	Barnapössun
18:40	J	mánud, - miðvikud 19:25 og lau 8:30	ÖRFÁ PLÁSS	
18:25	TT3	Mánu- og miðvikud - (16-25 ára)	FULLBÓKAD	

Námskeið hefjast 23. ágúst. Fundur fyrir alla flokka sunnudaginn 22. ágúst kl. 16:00 og 17:00. Námskeiðum fylgir frjálms mæting í tækjasal!

Velkomin í okkar hóp!



leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



Demantar eru varanlegir, en þeir þurfa samt á réttu umönnun að halda. Þeir geta orðið kámuagir og óhreinindi og ryk sest á þá. Ilmvatn, púður, sápa og náttúruleg húðfita setjast á demantana og draga úr ljóma þeirra. Hreinir demantar skína, vegna þess að ljósið kemst óhindrað inn í steininn og endurkastast út í leiftrandi ljóma. Til þess að njóta sín þannig til fullnustu þurfa þeir aðeins dálitla umhyggju.

demantar.is

MIKIÐ ÚRVAL AF FATAEFNUM
ULLAREFNI, JERSEY, JOGGING, FLAUEL, SAMKVÆMISEFNI

Reykjavík: Mörkin 4, s: 533 3500 Akureyri: Hofsbót 4, s: 462 3504

NÝ SENDING FRÁ DRANELLA

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Eftirsótt föt til Íslands

Íslendingar sækja grimmt í barnaföt frá sænskum verslunum á borð við H&M og Lindex. Viðskiptafræðingurinn Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir selur valdar flikur á Facebook við góðar undirtektir.

Það er varla ofsögum sagt að Íslendingar séu sjúkir í H&M og noti flestir tækifærið til að fata sig og fjölskylduna upp þegar þeir bregða sér út fyrir landsteinana. Eftir að kreppan skall á er eitthvað minna um utanlandsferðir og hafa margir því tekið barnafataversluninni Emil og Línu fagnandi en þar er að finna barna- og meðgöngufatnað frá H&M, Lindex, Kappahl og fleiri verslunum í Svíþjóð. Viðskiptafræðingurinn Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, sem er búsett í Halmstad í Svíþjóð, stendur að baki versluninni.

„Við fjölskyldan fluttum til Svíþjóðar sumarið 2009 þar sem maðurinn minn, Albert Þór Magnússon, fékk vinnu sem kennari í markaðsfræði við háskólann í Halmstad. Ég var í fæðingarorlofi í vetur en með vorinu var ég farin að svipast um eftir vinnu. Hugmyndin kviknaði þegar ég sá hversu mikið úrval er af fallegum og ódýrum barnafötum í Svíþjóð. Mig langaði að finna leið til þess að íslenskar fjölskyldur gætu notið þess að klæða börnin sín í sams konar föt án þess að borga mikið fyrir.“

Lóa kaupir fötin beint út úr búð og selur þau á Facebook. „Ég reyni að hafa yfirbygginguna eins litla og mögulegt er til að geta haldið verðinu í lágmarki. Verðið á síðunni er endanlegt. Það miðast við að búið sé að leggja virðisaukaskatt, toll, sendingarkostnað og eigin álagningu á vöruna.“ útskýrir Lóa. Hún segir há aðflutningsgjöld eiga sinn þátt í því að H&M skuli ekki opna á Íslandi. „Ég hugsa að þeir gætu ekki boðið mikið lægra verð en ég, enda þyrftu þeir að borga bæði starfsmannakostnað og húsaleigu að auki.“

Lóa er með annan fótinn á Selfossi þar sem hún og maðurinn hennar bjuggu áður en þau fluttu til Svíþjóðar. Hún hefur boðið upp á heimakynningar víða á Suðurlandi og annars staðar á landsbyggðinni í sumar. „Þær hafa gef-



Lóa segir Emil og Línu orðið að litlu fjölskyldufyrirtæki þar sem allir hafa sitt hlutverk. Mamma og pabbinn sjá um reksturinn, Daniel (til vinstri) er álitsgjafi og Magnús Valur módel.



ist afar vel og með þeim hef ég fengið betri tilfinningu fyrir því hvað það er sem fólk er að sækjast eftir.“ segir Lóa sem kemur til með að bjóða sams konar kynningar í vetur auk þess sem hún er þegar farin að bóka jólagjafakynningar. En stendur til að bjóða upp á fleira en barna- og meðgönguföt? „Ég fæ þessa spurningu á hverri kynningu og getur meira en vel verið að ég fari að bjóða upp á föt á fullorðna og jafnvel einhverja heimilismuni.“ Lóa segist nýlega vera búin að skipta um flutningsaðila. „Til að byrja með var afhendingartíminn allt upp í fjórar vikur en nú get ég oftast lofað í kringum tveggja vikna bið.“

vera@frettabladid.is

Stelpur Konur
STOTT PILATES

STOTT PILATES
Innritun hafin! Sími 581 3730
Haustnámskeið hefst 23. ágúst

STOTT PILATES er krefjandi æfingakerfi og frábær leið til að:

- Móta líkamann, bæta líkamsvitund og líkamsstöðu.
- Lengja vöðva og styrkja sérstaklega djúpvöðva maga og baks.
- Losa spennu, auka liðleika og bæta jafnvægi milli vöðvahópa.
- Losa um bakverki og hjálpa til við samhæfingu svo fátt eitt sé nefnt.

Kennt er 2x í viku í 6 vikur. Byrjendahópur: Mánu- og miðvikudaga kl 10:30. Framhaldshópur: Þriðju- og fimmtudaga kl 16:30. Kennari: Agnes Amalía Kristjónsdóttir. Byrjenda- og framhaldsnámskeið. Verð kr. 19.900. Æfingakerfi byggt á pilatesæfingum Joseph Pilates.

Barnagæsla - Leikland JSB
Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732
jsb@jsb.is • www.jsb.is

Skór hafa, líkt og annar fatnaður, í gegnum tíðina gjarnan verið notaðir til að endurspegla auðlegð og vald. Og líkt og á öðrum sviðum tískunnar hafa óþægindi, þvinganir og heiluspillandi hönnun einkum sést í skófatnaði kvenna – allt til að þjóna duttlungum tískunnar.



Tíska aldanna

ALLT

ÚT AÐ BORDA
Föstudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henny Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447



MENNINGARNÓTT

Strætir óma



Syngjum saman við Söngskólann

Söngveisla Söngskólans í Reykjavík, NORDIC - BALTIC kóramótsins og Menningarnætur í Reykjavík, kl. 14.00 - 17.00.

Fjöldasöngur allra sem hafa ánægju af að syngja saman í góðum hópi. Einnig koma fram átta kórar frá Norðurlöndunum, Eystrasaltlöndunum og Íslandi.

ALLIR VELKOMNIR

Söngskólinn í Reykjavík 

Snorrabraut 54, 105 Reykjavík, sími 552 7366, www.songskolinn.is



● LÚÐRAPÝTUR SVANSINS

Lúðrasveitin Svanur marserar upp Bankastrætið á menningarnótt og rifjar þannig upp hefð sem lúðrasveitir í kringum 1920 höfðu, en þá var til síðs að sveitirnar færu upp Bankastrætið en ekki niður eins og algengast er í dag.

Gangan hefst klukkan 14.30 á Ingólfstorgi. Þaðan verður haldið upp Bankastræti og endað á Smiðjustíg en big-band lúðrasveitarinnar Svans mun halda tónleika í portinu fyrir framan Faktory.

„Í göngunni spilum við létt og skemmtileg lög í karnivalstíl. Á tónleikum big-bandsins fáum við hins vegar til liðs við okkur ýmsa söngvara á borð við Áslaugu Helga, Edgar Smára og Helga Rafn og spilum fjölbreytta tónlist, allt frá lögum með Robbie Williams upp í Frank Sinatra slagara,“ segir Matthías V. Baldursson, stjórnandi Svansins.



● **MYND AF ÞÉR Í GÖMLUM ANDA** Ljósmyndasafn Reykjavíkur býður að vanda upp á skemmtilegar myndatökur á menningarnótt.

Boðið er upp á myndatöku í gömlum anda þar sem fólk getur klætt sig upp í búninga sem fengnir eru að láni í Borgarleikhúsinu. Það getur síðan stíllt sér upp fyrir framan málaðan bakgrunn við húsgögn frá versluninni Friðu frænku og látið smella af sér polaroid-mynd til eignar.

Myndatakan fer fram í sýningarsal Ljósmyndasafnsins, Grófsal, að Tryggvagötu 15 á sjöttu hæð. Fólk þarf aðeins að borga efniskostnaðinn við myndina sem er 200 krónur.

● GALDRAFERÐ FRÁ SKÓLAVÖRÐUHOLTI

Menningarfylgd Birnu Þórðardóttur verður farin frá Hallgrímskirkju klukkan 13 á laugardag. Birna leiðir gesti um stræti og torg Þingholta, drepur á dyr öðlinga og eðalmeyja. Göngufólkið mun sjá Alla Nalla skottast um, stytur fara á stjá, Freyju kasta koss-um, Loka leynast, Þór pumbast og Nönnu hvels-pringa af þrotlausum harmi.

Magnús R. Einarsson gæðir sögur og ljóð Birnu Þórðardóttur lífi með tónum og túlkað verður á pólsku, ensku og ítölsku.



Hér standa þau Einar Þór Karlsson hjá Höfuðborgarstofu og Kristín Þorleifsdóttir landslagsarkitekt við sægrænu verbúðirnar þar sem Íslandstjaldíð mun standa. Einar heldur að gamni hjólinu á lofti til að minna á hjólakortið í Grænu Reykjavík. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Málverk allra landsmanna

Setningarathöfn menningarnætur verður í Íslandstjaldi ferðapjónustunnar við gömlu verbúðirnar á Reykjavíkurhöfn klukkan 13 á laugardag.

„Áður en Jón Gnarr borgarstjóri setur menningarnótt með pompi og prakt syngur finnski háskólakórinn Chamber Choir Cantinovum ljúfa tónlist fyrir hátíðargesti í 180 fermetra Íslandstjaldi sem standa mun á bílastæði milli gömlu Hafnarbúðar á Geirsgötu 9 og gömlu, sægrænu verbúðanna, en þar verður taumlaus dagskrá og mikið stuð í sjö tíma,“ segir Kristín Þorleifsdóttir landslagsarkitekt sem skipuleggur viðburði Ferðamálastofu og markaðsstofu landshlutanna sem nú taka þátt í hátíðarhöldum menningarnætur í fyrsta sinn.

„Eftir ávarp Jóns Gnarr hefst vinna við hápunkt hátíðarhaldanna í Íslandstjaldinu. Sú hug-

mynd kviknaði að tengja saman landshlutana sjö sem taka þátt í viðburðum Ferðamálastofu nú í skemmtilegum gjörningi og úr varð sjö metra langt Íslandsmálverk þar sem listamenn úr hverjum landshluta spinna af fingrum fram fagurt listaverk. Listamaðurinn Pétur Stefánsson ríður á vaðið fyrir hönd Höfuðborgarstofu og eftir hans klukkustund við strigann tekur næsti listamaður við penslinum þaðan sem Pétur lagði línurnar, en verkið er hugsað sem ein heild þótt við vitum ekkert hvað kemur út úr óvæntri sköpun listamannanna sjö,“ segir Kristín full tilhlökkunar.


„Dagskránni verður skipt upp í klukkutíma skemmtihólf fyrir hverja og eina markaðsstofu og allt milli himins og jarðar sem hver landshluti býður gestum sínum til skemmtunar. Þar má nefna leikbrúðusýningu frá Borgarnesi, trúbadorinn Bjartmar Guðlaugsson,

Jónu Maríu Guðmundsdóttur með sönglög Helenu Eyjólfsdóttur, Stúf Leppalúðason norðan úr Mývatnsveit, Valgeir Guðjónsson, sunnlenska Aer-tríóíð og Bigga Bix tónlistarmann og Ísfirðing. Þá mætir norðlensk skíðafjölskylda í höfuðstaðinn til að sýna Sunnlendingum hvernig á að haga sér í snjó, svo fátt sé upptalið af bráðskemmtilegri dagskrá þar sem allir finna eitthvað við hæfi,“ segir Kristín kát.

„Það er svo við hæfi að hinn víðfærli Ómar Ragnarsson sjái um gamanmál og afhjúpi málverk allra landsmanna klukkan 20, og sem erindreki ferðalangsins í uppkomum Ferðamálastofu lokar hátíðinni belgíska brassbandið La Fanfare du Belgistan með djúfulegum dögum í villtum og dularfullum ryþma sem blandast við dáleiddandi laglínur sem æra jafnt þá sem aðhyllast arabíska-, sígauna- eða djassmúsík.“

-plg

IKI



IKI er spunasönghljómsveit 9 söngkvæna frá 4 Norðurlöndum, Íslandi, Finnlandi, Noregi og Danmörku. IKI spinnur ALLA tónlist á staðnum, skapar tónlist í núinu. Söngkonurnar fara ótrúðnar slóðir í tónlistarsköpun en leiðir þeirra lágu saman í Rytmisk Musik Konservatorium í Kaupmannahöfn. IKI notar öll fjögur tungumálín í tónlistarsköpun sinni og leika söngkonurnar sér með laglínur, hljóma, hljóð og takt. Tónleikar með IKI eru því einstök upplifun! www.ikivocal.com

Norrænahúsinu kl. 20 aðgangur ókeypis.

Flugbjörgunarsveitin 60 ára

Flugbjörgunarsveitin í Reykjavík fagnar 60 ára afmæli í ár. Í tilefni þess verður opið hús á laugardaginn milli klukkan 13 og 18 í höfuðstöðvum Flugbjörgunarsveitarinnar að Flugvallarvegi. Gestum gefst þar tækifæri til að kynna sér starfsemi Flugbjörgunarsveitarinnar í gegnum árin í hnotskurn. Á staðnum verður meðal annars sögusýning þar sem gamlir og nýir hlutir úr sögu Flugbjörgunarsveitarinnar verða til sýnis. Börnum verður boðið að klifra á klifurvegg sveitarinnar og geta rennt sér á litilli línubraut sem sett verður upp á staðnum. Ferðasjúkrahús verður sett sér-



Opið hús verður hjá Flugbjörgunarsveitinni á menningarnótt.

MYND/FLUGBJÖRGUNARSVEITIN

staklega upp og geta gestir reynt bæði blástursmeðferð og hjartahnoð á þar til gerðum brúðum og eins verður hægt að skoða tvo stóra jeppa, sérútbúna til björgunarfólks. Flugbjörgunarsveitarfólk verður á staðnum í fullum útivistarfátnaði og útskýrir bunnadinn fyrir gestum.

Flugbjörgunarsveitin er eina sveitin með sérhæfða fallhlífa-sveit. Í miðbænum verður því hægt að sjá fallhlíf á lofti auk þess sem erlendir kórar á kórámóti á menningarnótt koma við yfir daginn og syngja vel valin lög og óska sveitinni til hamingju með afmælið á íslensku.

Landsbankinn á Menningarnótt

– Landsbankinn er stoltur máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi

Landsbankinn hefur verið máttarstólpi Menningarnætur frá upphafi auk þess að vera virkur þátttakandi í hátíðinni.

Að venju verður fjölbreytt menningardagskrá í boði fyrir alla fjölskylduna í Aðalbankanum Austurstræti 11.

Gleðilega Menningarnótt!

Dagskrá í Austurstræti 11

12.00

Listaverkaganga með Aðalsteini Ingólfssyni listfræðingi

12.45

Listaverkaganga með Aðalsteini Ingólfssyni listfræðingi

13.30

Listaverkaganga með Aðalsteini Ingólfssyni listfræðingi

14.00

Gunni og Felix skemmta börnunum. Sproti kemur í heimsókn

14.45

Gunni og Felix skemmta börnunum. Sproti kemur í heimsókn

Menningarnótt 21. ágúst 2010

15.30

Ómar Ragnarsson skemmtir við undirleik Hauks Heiðars

Tónleikar fjögurra kóra af Norrænu kórahátíðinni sem haldin er í Reykjavík

16.15

Concert Clemens frá Danmörku

16.30

Chamber Choir Kamertonas Kaunas frá Litháen

16.45

Chamber Choir Cantinovum frá Finnlandi

17.00

Kammerkór Norðurlands

14-17

Andlitsmálun og blöðrur í tjaldi fyrir utan bankann



● KLÓAK OG KADILAKK Í KLETTAGÖRÐUM

Dælu- og hreinsistöð Orkuveitunnar við Klettagarða verður opin almenningi milli klukkan 16 og 18 á menningarnótt og boðið verður upp á leiðsögn skólpróðra manna.

Félagar í Cadillac-klúbbnum munu einnig mæta á olíudrekum sínum og stilla þeim upp á hlaðinu svo gestir og gangandi fái notið þeirra. Ólafur Gunnarsson rithöfundur er ástríðufullur Cadillac-áhugamaður og mun lesa upp úr verkum sínum. Þá mun tónlistarmaðurinn Dóri Braga taka lagið, svo eitthvað sé nefnt.



● ILMVÖTN TIL SÝNIS Í SPARK

SPARK er nýtt hönnunargallerí í Reykjavík við Klapparstíg 33. Sýningin sem nú stendur yfir þar ber yfirskriftina EAU DE PARFUM. Þar eru frumsýnd ilm-vötn sem myndlistarmaðurinn Andrea Maack hefur unnið í samstarfi við franska ilmvatnsgerðarfyritækið apf arômes & parfums. Ilmirmir eiga uppruna sinn í myndlistaverkum Andreu og hafa verið hluti af innsetningum hennar síðastliðin tvö ár. Á meðan á sýningunni stendur eiga gestir kost á því að eignast útgáfur af ilm-vötnum og fylgihlutum sem framleidd verða sérstaklega fyrir þessa frumsýningu. SPARK verður opið á menningarnótt frá klukkan 10 til 22.



Helena Stefánsdóttir mun hafa móður, systur og vinkonu til aðstoðar í vöfflukaffinu á menningarnótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Býður hjónarúm til sölu í vöfflukaffi á Grettisgötu

Kvikmyndagerðarkonan Helena Stefánsdóttir tekur þátt í vöfflukaffi í fyrsta sinn á menningarnótt.

„Ég ætla að vera með vöfflur og kaffi og svo eitthvað að drekka fyrir börnin,“ segir Helena Stefánsdóttir kvikmyndagerðarkona sem býður gestum menningarnætur í vöfflukaffi í garði sínum við Grettisgötu 6a. Þetta er í fyrsta sinn sem Helena tekur þátt í vöfflukaffi menningarnætur.

Að eigin sögn hefur Helena verið beðin um að taka þátt í vöfflukaffinu nokkrum sinnum áður. „Ég var með Kaffi Hljómalind í fimm ár þannig að ég var alltaf svo upptek-

in á menningarnótt þar. Mig langaði alltaf að vera með í vöfflukaffi en ég hafði bara ekki tók á því út af Hljómalind,“ segir Helena og bætir brosandi við að hún sé hálfpartinn að færa Hljómalind í garðinn heima.

Helena ákvað að vera einnig með garðsölu meðfram vöfflukaffinu. „Þar verða alls konar litlir, fallegir hlutir sem ég er að losa mig við. Ég ætla að selja bolla, leirtau, kertastjaka og ýmislegt smádót. Svo ætla við að selja rúmið okkar líka og ýmislegt fleira dót.“

Innt eftir því af hverju Helena ákvað að halda garðsölu meðfram vöfflukaffinu segir hún: „Það er vegna þess að ég er að flytja til útlanda.“ Hún er að fara til Gauta-

borgar í mastersnám í Media Art sem er myndlist með ýmsum miðlum. Námið tekur tvö ár og hjónin ætla að setjast á skólabekk saman. „Við verðum saman í bekk.“

Hvar kviknaði hugmyndin? „Við fengum þessa hugmynd vegna þess að ég á svo mikið af fallegum hlutum sem ég tími ekki að henda eða gefa. Mig langar samt ekki að setja þá í geymslu því ég vil að þeir nýtist öðrum. Þannig að ég ákvað bara að reyna að selja þetta,“ útskýrir Helena sem segir dóttur sína einnig selja nokkur leikföng. „Það þurfti smá að tala hana til, þú veist hvernig börn eru, þau vilja eiga allt. Henni tókst að safna í einn kassa fallegum leikföngum sem hún vill að láta frá sér.“

-mmf

Stofnaður 1952
Ljósmynd af versýningu
Mynd: Valgerður Gíslason

Listdansskóli
Íslands



Inntökupróf fyrir stráka og stelpur fædd 2000–2001 (9–10 ára) fara fram laugardaginn 28. ágúst kl. 10.00. Prófutimar eru í boði fyrir sama aldur fram til 18. september

Rafræn skráning er hafin á listdans.is

Skólasetning framhaldsdeildar fer fram 20. ágúst kl. 15.00.

Fyrsti kennsludagur samkvæmt stundartíflu í grunnskóla og framhaldsdeild verður mánudaginn 23. ágúst

Munið frístundarkortin.

Skólaárið 2010–2011

Inntökupróf

Bækling Reynsla

Fagmennska Gæði

Úrvalskennarar í klassískum og nútíma listdansi

Staður: Engjateigur 1 105 Reykjavík

Nánari upplýsingar: www.listdans.is 588 91 88

Eins og skikkja eða kjóll

Jón Gnarr borgarstjóri mun nota Reykjavíkurborgarhandklæðið og Reykjavíkursápu þegar hann stendur fyrir umræðum í heita pottinum í Sundhöll Reykjavíkur á menningarnótt. Handklæðið og sápan eru af rakstur samvinnu vöruhönnuðanna Friðgerðar Guðmundsdóttur og Kristínar Birna Bjarnadóttur en þær báru sigur úr bítum í samkeppni um hönnun minjagripa fyrir Reykjavíkurborg.

„Baðmenning Íslendinga er það sem erlendum ferðamönnum þykir merkilegast þegar þeir heim-sækja landið, sundlaugarnar og heita vatnið. Minjagripur þarf heldur ekki að vera hlutur sem fer upp í hillu, við hönnuðum því handklæði og sápu,“ útskýrir Friðgerður.

Sápan, sem er blá, er nákvæm eftirlíking af heitu pottinum í Laugardalslaug og hvítt handklæðið dregur form sitt einnig af spirallagi pottanna og á að vefja því um líkamann. „Það er mjög klæðilegt, eins og skikkja eða kjóll. Svo er skrúbbhanski fastur við handklæðið til að skrúbbja líkamann eftir gufuna eða pottinn.“

Samkeppnin um minjagripinn var haldin á vegum Hönnunarmiðstöðvar Íslands og Reykjavíkurborgar. Úrslitin voru kunngerð í mars síðastliðnum og er varan nú að koma á markað. Hverju handklæði fylgir bæklingur þar sem fjallað er um það menningu Íslendinga á sjö tungumálum en Friðgerður segir Reykja-



Friðgerður Guðmundsdóttir og Kristín Birna Bjarnadóttir vöruhönnuðir hönnuðu handklæði og sápu sem minjagripir fyrir Reykjavíkurborg en borgarstjóri mun nota þetta tvennt í heita pottinum á menningarnótt.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

víkurborgarhandklæðið og sápu einnig hafa fengið mjög góðar viðtökur hjá Íslendingum sjálfum.

Reykjavíkurborgarhandklæðið og sápan fást meðal annars í verslunum Kraum, Mýrinni og Minju og munu fljótlega fást víðar, til að mynda í sundlaugum Reykjavíkur.

-rat

KVENNAFRÍ
25. OKTÓBER 2010
KLUKKAN 14:25

Skilaboð til allra kvenna á Íslandi

Viltu vera með í að skapa listaverkið „Litróf íslenskra kvenna“?

Við munum taka á móti gömlum snyrtivörum á Menningarnótt og láta gera úr þeim listaverkið „Litróf íslenskra kvenna“ fyrir Kvennafrídaginn 25. okt. 2010.

Þær sem vilja taka þátt koma við með gömlu naglalökkun, meikin, varalitina eða bara hvaða snyrtivörur sem er í tjaldið okkar á Austurvelli á Menningarnótt.

Kærar kvenlegar skottukveðjur

Kvennafrítjald á Austurvelli

Fjölbreytt dagskrá á Menningarnótt frá klukkan 13 til 23 / Söfnun í listaverkið *Litróf íslenskra kvenna* / Upplýsingar um Skottur og Kvennafrídaginn 25. október 2010
Tónlist, bókmenntir, leiklist, myndlist og fleira og fleira

- 13:00** Guðrún Jónsdóttir stjórnarformaður Skottanna – Kynnir Skotturnar og Kvennafrídaginn
- 13:30** Eline Mckay leikkona – Les upp úr *Þórubókunum*
- 14:00** Nýkjörin Besta fjallkonan 2010, Ólöf Ingólfssdóttir – Les ljóð í fullum skróða
- 14:30** Þórunn Lárusdóttir leikkona – Tónlistaratriði
- 15:00** Kvennakór Reykjavíkur – Tónlistaratriði
- 15:30** Þórdís Elva Þorvaldsdóttir, rithöfundur – Les upp úr bókinni *Á mannamáli*
- 16:00** Kvennakór Garðabæjar – Tónlistaratriði
- 16:30** Sigríður Eyrún Friðriksdóttir leik og söngkona – Tónlistaratriði
- 17:00** Áfram stelpur! Baráttusöngvar af tónleikadagskrá sem flutt verður í tengslum við Kvennafrídaginn
- 17:30** Ólöf Sverrisdóttir leikkona – Les eigin ljóð
- 18:00** Þórunn Antonía söngkona – Tónlistaratriði
- 19:00** Auður Bjarnadóttir jógakennari/dansari – Sólarjóna
- 20:00** Lilja Katrín Gunnarsdóttir leikkona – Flytur brot úr einleiknum *MAMMA-ÉG* eftir Lilju Katrínu Gunnarsdóttur og Svan Má Snorrason
- 20:30** Lísbet Harðardóttir Ólafardóttir – Hugmynd
- 21:00** 3 Raddir & Beatur – Flytja tókulög sem spanna allt frá Andrew's systur til Beyoncé
- 21:30** Ólöf Huguína Valdimarsdóttir og Þóra Karítas leikkonur – Lesa upp úr skáldverkum kvenna
- 22:00** Saga Garðarsdóttir og Þórdís Nadía Óskarsdóttir – Uppistand
- 22:30** Ragnheiður Bjarnarson danslistakona – Tónlistaratriði

Þetta verður einnig í boði í tjaldinu

Áritun og sala á bókinni *Á mannamáli* eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur

Anna María Sigurjónsdóttir ljósmyndari – Sýnishorn úr ljósmynda-sýningunni „*herrar, menn og stjórar*“ sem verður opnuð 25. október í Saltfélaginu.

Kjartan Sverrisson – Selur diskinn *Áfram stelpur*

Skottur – Kynning á kvennafrídeginum 2010

Nokkur félög í Skottunum kynna starfsemi sína

Kvenréttindafélag Íslands

Kríurnar

Unifem

Feministafélagið

Soroptimistasamband Íslands

Zontasambandið

Kvenfélagasambandið

Litróf íslenskra kvenna
söfnun á snyrtivörum
allan daginn


Skottur

Samstarfsvettvangur íslenskra kvennahreyfinga

NASA

TÓNLISTARHÁTÍÐ
Föstudag 20. Ágúst kl. 21 – 02
Húsið opnar kl. 9
Happy Hour til kl. 10

Íslenska söngkonan **STÍNA AUGUST**
Elektro Rokk Pop Hljómsveitin **N I S T A**
Jasstrío Bjössa Thor

Sérstakur gestur kvöldsins:
JóhannG

JAM SESSION

Stína og JóhannG árita nýjstu útgáfur sínar:
Concrete World og JóhannG In English sem
verða til sölu á staðnum

JASS, BLÚS, ELEKTRO, POP, ROKK!

Upptaktur fyrir Jasshátíð og Menningarnótt!
Aðgangur aðeins kr. 1000
Nú er tækifæri til að sletta úr klaufunum



Sigríður Guðlaugsdóttir og Petra Dís Magnúsdóttir með kaffihúsið Bryggjuna og Sjóminjasafnið Grandagarði í baksýn. Þaðan er skemmtilegt útsýni yfir höfnina og þar með flugeldasýninguna á menningarnótt. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SEX *on the beach*



Inga Sólveig • Auga fyrir auga • Hverfisgötu 35



2:1
í tilefni
Menningarnætur

**HVALA-
SKOÐUN**
2 fyrir 1 alla helgina!

**3 FERDIR
DAGLEGA**
kl. 10, 14 og 17

**SJÓ-
STANGVEIÐI**

ALLA DAGA
kl. 18
Bjóðum einnig upp á sjóstangveiði,
þú getur grillað um borð eða tekið
veiðina með heim.



Puffin Express / Gömlu höfninni / Reykjavík / 892 0099

Karnivalstemning á Granda

Sjóminjasafnið Víkin og Bryggjan kaffihús standa fyrir fjölskylduhátíð á Grandanum á laugardaginn frá klukkan 13 í samstarfi við Verbúðirnar. Þar getur barnafólkið fengið sér kaffi á bryggjunni meðan börnin hoppa í köstulum.

„Það verður karnivalstemning hjá okkur. Við ákváðum að höfða til fjölskyldufólksins og leyfa börnunum að leika sér hjá okkur,“ segir Petra Dís Magnúsdóttir um dagskrána sem búið er að skipuleggja á Grandanum á menningarnótt. Hún sér um kaffihúsið Bryggjuna ásamt Sigríði Guðlaugsdóttur sem reyndar er aðalmatmóð-

irin á staðnum. Kaffihúsið er til-
tölulega nýlega opnað og er eitt af
fáum hér á landi sem er staðsett á
bryggju. Þar er hægt að sitja bæði
úti og inni og pláss er fyrir um 200
manns.

Petra Dís getur þess að Verbúðirnar með galleríum og vinnustofum listamanna verði opnar. „Þar verður meðal annars myndlistarsýning barna frá Hátíð hafnsins,“ segir hún og telur upp ýmislegt fleira spennandi í boði fyrir börnin í kringum Bryggjuna. „Hér verða fjórir hoppkastalar úti fyrir rennibrautir og spennandi róla yfir sjóinn,“ lýsir hún og fullyrðir að fyllsta öryggis verði gætt enda sjái björgunarsveitir um það.

Kórar frá Lettlandi, Litháen og Finnlandi koma fram á Bryggj-

unni með klukkutíma millibili og Hljómsveitin The Way Down spilar þar klukkan 17. Sjóminjasafnið verður að sjálfsgöðu opið og líka varðskipið Óðinn. Þá má ekki gleymast að geta heljarinnar harmonikuballs í verbúð númer 17. Ballið hefst klukkan 20 og stendur til 22 og að sögn Petru Dísar verður það erlendur harmonikusnillingur sem þenur dragspilið.

En hvað ætlar Petra Dís sjálf að bjóða upp á með kaffinu? Við verðum með smurbrauð, vöflur og pönnukökur og kaffi,“ lofar hún og getur þess líka að Bryggjan sé flottur staður til að virða fyrir sér flugeldasýninguna. „Við erum með svo skemmtilegt útsýni yfir höfnina,“ tekur hún fram að lokum.

-gun

Hitað upp fyrir kvennafrídaginn

Skotturnar, regnhlífarsamtök kvennahreyfingarinnar á Íslandi, standa fyrir uppákomum í kvennafrítjaldi á Austurvelli frá klukkan 13 til 23.

Ætlunin er að skemmta gestum menningarnætur en einnig að vekja athygli á sjálfum kvennafrídegnum sem haldinn verður sunnudaginn 24. október. En þá fer fram alþjóðleg ráðstefna í Reykjavík undir yfirskriftinni Konur gegn kynbundnu ofbeldi.

Dagskráin í kvennafrítjaldinu hefst klukkan 13 þegar Guðrún Jónsdóttir, stjórnarformaður Skottanna, kynnir Skotturnar og kvennafrídaginn. Leikkonan Eline Mckay les upp úr Þórubókunum og nýkjörin Besta fjallkonan 2010, Ólöf Ingólfsdóttir, les ljóð í fullum skrudá.

Ýmis tónlistaratriði vera í boði. Á meðal þeirra sem koma fram eru Þórunn Lárúsdóttir, Sigríður Eyrún Friðriksdóttir og Þórunn Antonía. Klukkan 20 verður flutt brot úr ein-



Bryndís Bjarnason og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir rithöfundur á Austurvelli þar sem hitað verður upp fyrir kvennafrídaginn á menningarnótt með ýmsum uppákomum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

leiknum MAMMA – ÉG eftir Lilju Katrínu Gunnarsdóttur og klukkan 21 munu 3 Raddir og Beatur skemmta gestum.

Skotturnar standa einnig fyrir

söfnun á gömlum snyrtivörum sem konur geta komið með, en listamenn munu útbúa úr þeim listaverk sem kynnt verður á kvennafrídaginn í október.

-sg



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Snilld í áskrift!

KORTASALA

Sala áskrifta er hafin. Hafðu samband í síma 545 2500 og tryggðu þér besta sætið með ríflegum afslætti.

Rauða röðin » Stór hljómsveitarverk

Gula röðin » Rómantískir snillingar og magnaðir einleikarar

Græna röðin » Vinsæl klassík

Regnbogakort » Fast sæti á tónleika að eigin vali

Litli tónsprotinn » Tónlistarveisla fyrir alla fjölskylduna

Kynntu þér fjölbreytta efnisskrá á www.sinfonia.is



Sinfóníuhljómsveitin flytur í Hörpu vorið 2011 og verður áskrifendum þá boðið á tónleika í nýjum og glæsilegum tónleikasal.

AÐALSTYRKARADILAR

BORGUN



Morgunblaðið



Flugeldasýningin á menningarnótt verður í boði Vodafone að þessu sinni en hún hefur hingað til verið kostuð af Orkuveitu Reykjavíkur.

Vodafone tekur við

Vodafone fjármagnar flugeldasýninguna á menningarnótt í ár og tekur þar með við af Orkuveitu Reykjavíkur sem hefur gert það hingað til. Fjárhagserfiðleikar Orkuveitunnar urðu til þess að leitað var á ný mið.

„Við fengum þetta tækifæri í hendurnar og ákváðum að slá til enda lítum við á flugeldasýninguna sem hápunkt menningarnæturs,“ segir Hrannar Pétursson, upplýsingafulltrúi Vodafone. Hann segir ánægjulegt að geta tekið þátt í menningarnótt með jafn veglegum hætti. Framkvæmd flugeldasýningarinnar er í höndum Hjálparsevitar skáta í Reykjavík og á

Hrannar von á því að hún verði með svipuðu sniði og áður. „Framkvæmdin hefur verið með miklum myndarbrag síðustu ár og er engin ástæða til að breyta henni.“

Hrannar segir sýninguna kosta í kringum þrjátíu milljónir. „Það jafngildir um þrjátíu krónum á hvern viðskiptavin okkar. Ef við myndum senda hverjum og einum bréf og þakka fyrir viðskiptin myndi það ekki duga fyrir frímerkjunum. Það er líka miklu skemmtilegra að gera eitthvað þessu líkt auk þess sem við fáum tækifæri til að láta gott af okkur leiða enda geta allir gestir menningarnæturs notið með.

-ve

● MORGUNTÓNLEIKAR UMBODSMANNS BARNNA

„Við tökum daginn snemma og bjóðum á morguntónleika flautuhópsins Kósi klukkan 11.30 í húsa-kynnum okkar við Laugaveg 13, en Kósi samanstendur af átta stúlkum á aldrinum 13 til 18 ára sem allar hafa lagt stund á þverflautuleik hjá Tónskóla Kópavogs og Tónskóla Sigurveys frá barnæsku,“ segir Eðvald Einar Stefánsson, sérfræðingur hjá Umboðsmanni barna, sem í fyrsta tók þátt í menningarnótt í fyrsta sinn.



Eðvald Einar Stefánsson með fagurt listaverk barns í baksýn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Við höldum ótrauð áfram með gleði í hjarta og höldum menningu barna og unglunga á lofti því þeirra list þarf að koma á framfæri. Á veggjum sýnum við myndlist barna sem tóku þátt í verkefni „Hvernig er að vera barn á Íslandi?“ og klukkan 12.30 stígur trúbadorinn Jóhann Auðunn Þorsteinsson á stökk með gítarinn og lofar góðri skemmtun, en hann keppti meðal annars fyrir Tækniskólans hönd í Söngkeppni framhaldsskólanna,“ segir Eðvald og bætir við að markmið stofnunarinnar með þátttöku í menningarnótt sé að vekja athygli landsmanna á staðsetningu hennar við Laugaveg. „Við viljum sýna fólki hvar við erum svo allir geti komið óhikað því við viljum taka á móti öllum þeim sem þurfa á aðstoð okkar að halda.“

-plg



Forvitnileg endurvinnsla er í gangi á vinnustofunni hjá Stellu sem verður opin milli eitt og fjögur á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Smíðar fjölnotagripni upp úr gömlum stólum

Nýstárleg heimagerð barnaleikföng verða til sýnis hjá myndlistarkonunni Stellu Sigurgeirsdóttur á laugardaginn.

Stella heldur upp á tíu ára vinnustofuafmæli milli klukkan eitt og fjögur á laugardaginn. Hún selur líka grafík og málverk á spottprís. Vinnustofan er í kjallara á Hverfisgötu 50, nánar tiltekið á horni Hverfisgötu og Vatnsstígs.

„Þetta eru tréldavélar sem eru búnar til úr gömlum stólum og engar tvær eru alveg eins,“ segir Stella glaðlega þegar hún er spurð út í barnaleikföngin sem hún verður með á vinnustofunni. Þarna er

um fjölnotahlut að ræða því eins og hún bendir á er hægt að nota eldavelarnar sem kolla til að stíga upp á, náttborð eða aðra hirslu og sæti að grípa til ef aukagest ber að garði. Hún lýsir líka töfragripum sem hún kveðst gera úr trérimlagardínum. „Ég tek þær sundur og hnýti svo saman á vissan hátt með silkiborðum. Það er ekkert ýkja flókið ferli en þó alls ekki fyrirhafnarlítið. Oft er svo löng leið að einhverju sem er einfalt en skemmtilegt.“

Stella er þekkt fyrir fjölbreytta list sína en hefur ekki verið með opna vinnustofu áður á menningarnótt. „Það er smáafmæli og því datt mér í hug að leyfa fólki að sjá það sem ég hef verið að fást við upp á

síðkastið,“ segir hún spök og lýsir nánar hvernig það kom til að hún fór að smíða leikföng. „Þetta er eitthvað sem æxlaðist svona af því ég var sjálf að leita að tréldavél handa dóttur minni og fann enga svo það endaði með því að ég bjó hana til sjálf úr gömlum stól. Þetta uppátæki spurðist út og ég fór að gera fleiri eldavelar eftir pöntunum. Þannig byrjaði þetta nú.“

Svo verður listaverkasala í gangi líka. „Mér finnst vera kominn tími á endurnýjun því á tíu árum gerist ýmislegt. Því ætla ég að selja gömul grafík- og málverk á góðu verði. Eitthvað sem hefur safnast upp í gegnum tíðina. Það er svona nett tiltekt í gangi.“

-gun

● MEÐ BER BÖK UM BORGINA

Hjólreiðafólk mun fara í lest um miðborgina á menningarnótt. „Við viljum vekja athygli á hjólreiðum sem jákvæðum valkosti bæði fyrir umhverfið og pyngjuna. Svo eru þær góðar fyrir andlega og líkamlega heilsu því þær veita frelsistilfinningu og gleði,“ segir Morten Lange á fallettri íslensku þó norskur sé að uppruna. Hann eignar Þóru Bryndísi Þórisdóttur heiðurinn af að hafa komið hjólreiðaátakinu af stað. En hvaðan verður lagt upp í lestarferðina? „Við ætlum að hittast bak við Kjarvalsstaði og förum þaðan klukkan þrjú,“ segir Morten. „Svo reynum við sennilega að gera eins og í fyrra að þeir sem þora fara úr að ofan og láta skrifa slagorð á bakið á sér „grænn og vænn“ og önnur álíka.“

Morten getur þess líka að Einar Karlsson hjá Höfuðborgarstofu verði með sérstakan bás í Geirsgötunni þar sem hann gefi góð ráð um hvaðeina sem að hjólreiðum snýr og stórt kort til sýnis af hjólastígum á höfuðborgarsvæðinu.

-gun





EIGUM GÓÐA STUND SAMAN

fjölskyldan í fókus á Menningarnótt

Samvera fjölskyldunnar er dýrmæt og styrkir tengslin á milli okkar.

Njótum þess að vera saman – sköpum jákvæðar og góðar minningar á Menningarnótt.



Meningarnótt 2010 – Dagskrá

10–23 VIÐKOMUSTAÐIR
Guðmunda Kristinsdóttir sýnir málverk sín. Húnehún, Skólavörðustíg 17b

10–23 BETRISTOFA BORGARINNAR
Hlutverk staðarins skoðað. Vegfarendum gefið tækifæri á að upplifa svæðið í nýju samhengi. Frakkatorg, Frakkastíg/Njálsgötu

10:00–22:30 MÁLVERKASÝNING
Gunnar I. Guðjónsson hefur haldið bjólda sýninga á Íslandi og víða um heim. Art Center, Laugavegi 51

10–23 LESTARKERFI REYKJAVÍKUR
Innsetning þar sem settur er upp inngangur að lestarstöð í miðri miðborg. Sjónblekking til að vekja fólk til umhugsunar um nærumhverfi sitt. Lækjartorgi

10–23 SKÚLPTÚR
Sýning Sigurðisar Hörpu í gluggum verslunar Rauða krossins að Laugavegi 12. Laugavegi 12b

10–16 FRÆNDAFUNDUR 7
Á Frændafundi er fjallað um allt milli himins og jarðar sem snertir Ísland og Færeyjar. Þjóðminjasafn Íslands, Suðurgötu

10–22 LJÓSMYNDASÝNING GESTA
Gestir geta komið með eigin ljósmyndir og hengt upp á Kjarvalsstöðum. Kjarvalsstaðir, Flókaötu

10–10 Á MANNAMÁLI
Þórdís Elva Þorvaldsdóttir leikkona les upp úr bók sinni Á mannamáli. Austurvelli

10–22 KÆRULEYSI
Ragnheiður Ösp Sigurðardóttir vöruhönnuður sýnir myndskreytingar í handgerðum römmum og heklaðar figúrus. Laugavegi 48

10–18 ÆTTFRÆÐIÞJÓNUSTAN ORG
Hverra manna ert þú væni? Opið hús hjá Ættfræðiþjónustunni ORG. Skeljanesi, við endastöð leiðar 12

10–23 MÁTUN Í OG VIÐ ÞÉTTSETRIÐ
Rýmisverk Hönnu Jónsdóttur. Þú ert velkomin/n innan í, utan um og allt um kring á Austurvelli. Austurvelli

10-18:30 SECONDO
Karl R. Lilliehaldh sýnir svarthvítar ljósmyndir. Titill sýningarinnar er vísun í sekúndubrotið sem það tekur að frysta augnablikið. Mokka Kaffi, Skólavörðustíg 3a

10–22 LISTASAFN REYKJAVÍKUR – KJARVALSSTAÐIR
Verið velkomin á sýningar safnsins: Kjarval – Lykilverk Annað Auga Camera Obscura Kjarvalsstaðir, Flókaötu

10–23 SÉÐ FRÁ VÚLKAN
Laufey Johansen sýnir verk sem eru undir áhrifum frá plánetunni Vúlkán. Ingólfsstræti 5

10–23 LOFTFESTAR
Úr tjörninni fyrir framan ráðhúsið svífur niðþungt akkeri sem gripur í tómt og situr pikkfast. Ráðhúsi Reykjavíkur

10–22.30 MÁLVERKASÝNING Á TRÖNUM
Samsýning Félags fristundamála. Ýmsir viðburðir yfir daginn. Miðbæjarskólaportið, Frikirkjuvegi 1

10–23 HELSI–FRELSI
Málverkasýning Kristínar Tryggvadóttur. Geysir, Aðalstræti 2

10–23 LISTASAFN REYKJAVÍKUR – HAFNARHÚS
Verið velkomin á fastar sýningar safnsins: Í safni ófullkomeikans 1939-2010 Mannlýsingar – Dúkkur Nekt Vanitas – Kyrralífsmyndir í íslenskrí samtímalist Hafnarhús, Tryggvagötu

10–23 VÍKINGAKRAKKAR Í REYKJAVÍK
Leiðsagnir fyrir krakka yfir daginn en leiðsagnir fyrir fullorðna um kvöldið. Landnámsskálinn, Aðalstræti

10–21 BOTNÍUR OG BORDÆTUR
Auður Inga Ingvarsdóttir sýnir ný verk á skörinni hjá Handverki og hönnun. Handverk og hönnun, Aðalstræti

11–23 FJÓLSKYLDUVÆNAR SÝNINGAR
Bamahorn, spæjaraleikur og leiðsagnarhandrit um goðsögulega dreka. Þjóðmenningarhúsið, Hverfisgötu

11–23 GRANDAGARÐUR LIFNAR VIÐ
Í Verbúð 17 verða til sýnis myndir sem gerðar voru af börnum og harmonikkuleikari spilar fyrir dansi. Verbúð 17, Grandagarði

